

Staða smærra sveitarfélaga versnar hratt

Ný skýrsla starfshóps sveitarstjórnarráðherra sýnir svart á hvítu hversu slæm staðan er í mörgum smærra sveitarfélögum sem reiða sig á ferðaþjónustu. Sveitarstjóri Rangárþings eystra segir að þau sértæku úrræði sem ríkisstjórnin hafi beitt dugi skammt. Meira fé úr Jöfnunarsjóði sé nauðsyn.

STJÓRNSÝSLA Niðurstöður starfshóps Sigurðar Inga Jóhannssonar, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, um áhrif heimsfaraldursins á fjármál sveitarfélaganna voru birtar á föstudag. Kemur þar í ljós að faraldurinn hefur skert tekjur allra nema tólf sveitarfélaga. Minnkandi útsvarstekjur eru stærsti bitinn en einnig hafa þjónustutekjur minnkad.

Þó að hæstu upphæðirnar séu hjá stærstu sveitarfélögum þýðir það ekki að vandinn sé mestur þar.

„Eftir því sem sveitarfélögin eru fámennari, þeim mun erfiðara er fyrir þau að taka högg af hvaða tagi sem er,“ segir Sigurður Guðmundsson, skipulagsfræðingur og sjálfstætt starfandi ráðgjafi. „Fjölmennari sveitarfélög hafa breiðara bak og fjölbreyttara atvinnulíf til að takast á við vanda.“

Meðal þeirra sveitarfélaga sem verða fyrir hvað mestu tekjuskerðingunni hlutfallslega eru fámenn sveitarfélög sem eru háð ferðaþjónustu. Má þar nefna Mýrdalshrepp, Skútustaðahrepp og Þingeyjarsveit.

Sigurður segir stóran hluta Suðurlandsundirlendisins í einstaklega slæmri stöðu. „Ef við litum á allt svæðið milli Selfoss og Hornafjarðar, þá er það einkennandi hvað ferðaþjónustan skiptir miklu máli, á meðan landbúnaðurinn hefur verið á undanhaldi eftir því sem austar dregur. Það er hins vegar ekki nóg að sameina fámenn og dreifbýl sveitarfélög sem eru öll mjög háð einni og sömu atvinnugreininni. Mín tilfinning er sú að ríkissjóður verði að hjálpa þeim með öðrum hætti og þar þarf að koma til endurskipulagning á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.“

Rangárþing eystra liggur á þessu svæði og í þessu 2.000 íbúa sveitarfélagi hefur samdrátturinn verið mestur í faraldrinum. Tekjur hafa dregist saman um 362 milljónir króna miðað við fjárhagsáætlun, eða um 185 þúsund krónur á hvern íbúa, og útsvarið telur þar 320 milljónir. Sveitarfélagið hefur verið rekið með á bilinu 40 til 90 milljóna króna afgangi undanfarin fjögur

Við erum einnig mjög dreifbýlt sveitarfélag og töluvert háð Jöfnunarsjóði svo tekjuskerðing sjóðsins kemur verulega illa við okkar rekstur.

Lilja Einarsdóttir, sveitarstjóri Rangárþing eystra



ár en nú horfir hratt til verri vegar. Áætlað var að skuldir Rangárþings eystra yrðu 375 milljónir króna á árinu en nú eru þær áætlaðar 850 milljónir, meira en tvöfalt það sem gert var ráð fyrir.

„Ferðaþjónustan hefur verið í örum vexti undanfarin ár og alltaf stærri hluti af atvinnulífinu hér. Við erum einnig mjög dreifbýlt sveitarfélag og töluvert háð Jöfnunarsjóði svo tekjuskerðing sjóðsins kemur verulega illa við okkar rekstur,“ segir Lilja Einarsdóttir sveitarstjóri.

Spurð hvort sveitarstjórn muni bregðast við þessu tekjufalli með skertri þjónustu eða lántökum segir Lilja að seinni kosturinn verði fyrir valinu.

„Við höfum bent á að meira fé þurfi að koma í Jöfnunarsjóðinn svo að við þurfum ekki að taka þann skell á okkur til viðbótar við þær tekjuskerðingar sem við verðum fyrir í útsvarstekjum. Við höfum nýtt okkur þau úrræði sem ríkisstjórnin hefur verið með fyrir sveitarfélögin. En þetta eru ekki háar fjárhæðir og duga skammt upp í tekjutapið sem við sjáum fram á,“ segir hún.

kristinnhaukur@frettabladid.is



Það var líf og fjör í tivolíinu í Hafnarfirði í gær. Tivolíið er staðsett við Ásvallalaug og má þar finna Parísarhjól, sleggju, lest og klessubíla. Tími klessubíla er svo sannarlega ekki liðinn, þeir standa alltaf fyrir sínu og eru góð leið til að skemmta bæði ungum jafnt sem öldnum eins og sést greinilega á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

e-tron 50

Vinsæli fjórhjóladrifni rafbíllinn

+ Afmælispakki Basic

8.170.000 kr.


Dæmi um búnað: 20" álfelgur, loftpúðafjöðrun, íslenskt leiðsögukerfi, hiti í stýri

H + 50 ára samleikur www.hekla.is/audisalur



*Bíll á mynd er Advanced S-line

Veður



Suðvestan 5-10 m/s og skúrir, en léttskýjað norðaustantil. Hiti 10 til 18 stig, hlýjast norðaustan- og austanlands. **SJÁ SIÐU 16**



Óttar Guðmundsson geðlæknir.

Fleiri farið til geðlækna í faraldrinum

COVID-19 Óttar Guðmundsson, geðlæknir og formaður stjórnar Geðlæknafélags Íslands, segir bæði meiri aðsókn til geðlækna og á bráðamóttöku geðdeildar í kórónaveirufaraldrinum. Þá segir hann aukinn kvíða í samfélaginu og að þeir sem kvíðnir séu fyrir upplifi enn meiri kvíða.

„Það sama má segja um marga sem þjást af þráhyggju eða þunglyndi, þetta ástand gerir það að verkum að fólk líður verr, það hellir olíu á eldinn,“ segir Óttar og bætir við að nauðsynlegt sé að læra að lifa með veirunni.

„Fólk þarf að læra að lifa sem eðlilegustu lífi með pestinni því hún er í samfélaginu. Við þurfum að læra að mikla ekki fyrir okkur hættuna og halda áfram með þessa ógn yfir okkur,“ segir Óttar. „Svo hvet ég fólk auðvitað til að leita sér hjálpar ef það þarf á henni að halda.“

Í fyrstu bylgju faraldursins segir Óttar að mikið hafi verið um að geðlæknar hafi tekið sjúklinga í símaviðtöl svo ekki kæmi hlé á meðferð vegna samkomutakmarkana ásamt því að færri hafi sóst eftir að koma í viðtöl á stofum lækna. „Þá vildi fólk síður koma í viðtöl og frekar hafa tímana í gegnum síma en mér finnst það ekki vera núna, það var meira þá og þá voru strangari reglur, það er ekki eins mikil ásókn í þetta núna.“ – bdj

Haustmisserið að hefjast



Það var mikið um að vera í Bóksölu stúdenta á Háskólatorgi í gær enda er haustmisserið að hefjast. Samkomutakmarkanir vegna COVID-19 hafa ýmis áhrif á vinnustaði á borð við háskólana. Lögð verður áhersla á fjarnám en reynt verður að hafa opið fyrir möguleikann á hefðbundinni kennslu, sérstaklega fyrir nýnema. Má því ætla að stúdentinn á myndinni þurfi að lesa hagfræðina sína að mestu heima. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Færri dvöldu á hótélum í júlí

FERÐAÞJÓNUSTA Heildarþjónusta greiddra gistinguáttanna var 57 prósentum minni í júlí í ár en í sama mánuði í fyrra. Fækkunin kemur helst fram í gistinguáttum sem bókaðar eru í gegnum Airbnb eða álíka síður, þar er fækkunin 87 prósent. Þá fækkaði gistinguáttum á hótélum um 56 prósent og á gistiheimilum um 51 prósent. Þetta kemur fram á vef Hagstofunnar.

Greiddar gistinguáttur í júlí voru um 667.000 en á sama tíma í fyrra voru þær um 1.557.000. Rúmlega 70 prósent gistinguáttanna voru skráð á Íslendinga og tæp þrjátíu prósent á erlenda gesti.

Gistinguáttur á hótélum og gistiheimilum voru tæplega 328 þúsund talsins en í júlí síðastliðnum minnkandi framboð hótélherbergja um 23 prósent síðan í júlí í fyrra. Mestur samdráttur er í kringum höfuðborgarsvæðið en minni á landsbyggðinni.

– bdj

Fékk innblástur með göngu um Elliðaárdal

Guðmundur Kjartansson varð Íslandsmeistari í skák í þriðja sinn um helgina eftir æsispennandi keppni. Hann lagði allt undir í mótinu og hætti meira að segja á göngutúra í Elliðaárdal þar sem hann lenti í rýskingum á dögnum.

SKÁK Æsispennandi Íslandsmóti í skák lauk um helgina í Garðabæ. Tíu af sterkustu skákmönnum þjóðarinnar tefldu upp á titilinn eftirsóttá í Álftnesskóla þar sem ströngum sóttvarnareglum var framfylgt. Mótið hefur sennilega aldrei verið jafn spennandi og í ár en úrslitin réðust í tímahraki í síðustu umferð í skák milli stórmeistarans Hjörvars Steins Grétarssonar og Guðmundar Kjartanssonar.

Hjörvar Steinn stóð til vinnings undir lok skákarinnar og væru það málalyktir hefðu fjórir skákmenn orðið eftir og jafnir í mótinu, auk Hjörvars og Guðmundar hefðu það verið stórmeistararnir Bragi Þorfinnsson og Helgi Áss Grétarsson, og þeir þurftu að tefla hraðskákir upp á titilinn, eins konar vitaspjónuþekkingu skákmanna.

Með nokkrar sekúndur á klukkunni missti Hjörvar Steinn af vinningsleiknum og þar með náði Guðmundur að sleppa og halda jafntefli að lokum. Með því tryggði hann sér Íslandsmeistaratitilinn í þriðja sinn.

„Þetta var gríðarlega spennandi og líklega sá sigur á skákmóti sem mér þykir hvað vænst um. Ég lagði allt í sólnar og þá er það afar góð tilfinning að uppskera,“ segir Guðmundur. Hann segir að andartökin sem liðu þegar Hjörvar gat í raun gert út um skákina í einum leik hafi verið óbærileg. „Ég áttaði mig á því að ég hefði í raun getað gefið skákina. Það var því mikill léttir þegar hann valdi aðra leið,“ segir Guðmundur.

Hann segir að breytt framkvæmd mótsins vegna kórónaveirufaraldursins hafi haft talsverð áhrif á undirbúning hans. „Mótið átti að fara



Guðmundur Kjartansson sigurreifur í lok móts. MYND/SKÁKSAMBAND ÍSLANDS

Ég fór að öllu með gát í þessum göngutúrum.

fram í marslok en var frestað og það riðlaði talsvert undirbúningi. Þrátt fyrir að framkvæmd mótsins væri með breyttu sniði þá mætti ég með það hugarfarar að það væru forréttindi að fá að tefla og það hjálpaði mikið,“ segir Guðmundur.

Hann lagði áherslu á hollt mataræði og hreyfingu meðan á móti stóð. Meðal annars reglulega

göngutúra um Elliðaárdalinn. Guðmundur hlær þegar hann er spurður hvort það hafi ekki verið fíflirfska en á dögnum greindu helstu fréttamiðlar frá því að soðið hefði upp úr í skák milli Guðmundar og stórmeistarans Héðins Steingrímssonar á móti í sumar. Síðar sama dag höfðu keppendur rekist hvor á annan á göngutúr í dalnum en sá fundur endaði með því að Guðmundur lagði á flotta undan Héðni sem veitti honum eftirfór. „Ég fór að öllu með gát í þessum göngutúrum,“ segir Guðmundur og hlær.

Með sigrinum tryggði hann sér meðal annars sæti í landsliði Íslands fyrir Ólympíumótið sem fer fram í Moskvu á næsta ári.

bjornth@frettabladid.is

GÓLPEFNA
ÚTSALA 30-70%
AFSLÁTTUR*

Þúsundir fermetra af flísum, harðparketi o.fl.

*Gildir frá verðlistaverði

ALFABORG
- síðan 1986 -

Skútuvoגי 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is



LIFÐU DRAUMINN

TOYOTA COROLLA HYBRID

Verð frá: 4.890.000 kr.

Nýr Hybrid = 100% afsláttur af lántökugjöldum. Sjá nánar á toyota.is



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000



2018

UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bílarnir í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Umboðsmaður gagnrýnir tillögur um breytingar á stundaskrá

MENNTAMÁL Umboðsmaður barna gagnrýnir framkomna tillögu mennta- og menningarmálaráðuneytisins um breytingar á viðmiðunarstundaskrá sem nú er í umsagnarferli í samráðsgátt stjórnvalda.

Umræddar tillögur sem sagðar eru viðbrögð við slökum árangri íslenskra nemenda í PISA-könnun-

inni ganga út á fjölgun kennslustunda í íslensku á yngsta stigi og miðstigi grunnskóla og fjölgun kennslustunda í náttúrufræði á efsta stigi grunnskóla.

Umboðsmaður barna segir það miður að umrædda fjölgun eigi að gera á kostnað valgreina og svigrúms grunnskóla sem hafi meðal annars verið nýtt til kennslu í lífs-



Salvör Nordal, umboðsmaður barna, gagnrýnir tillögurnar.

leikni og listgreinum. Ekki séu færð nein rök fyrir því í tillögunum að betri árangur náist með því að fjölga kennslustundum í tilgreindum fögum.

Samkvæmt aðalnámskrá sé tilgangurinn með valfrelsi nemenda á unglingastigi að laga námið sem mest að þörfum einstaklingsins. Umboðsmaður barna segir til-

lögur ráðuneytisins ganga þvert á umrædd markmið.

„Umboðsmaður barna gerir athugasemdir við orðalagið „viðvarandi slakur árangur nemenda“ og áréttar að um viðvarandi slakan árangur menntakerfisins er að ræða, ekki nemenda,“ segir enn fremur í umsögn embættisins.

–sar



Tilraunir með sjálfkeyrandi vagna fara nú fram í London og Helsinki.

Strætisvagnar keyri sig sjálfir

REYKJAVÍK Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins munu leggja til á fundi borgarstjórnar í dag að Strætó bs. ráðist í tilraunaverkefni með sjálfakandi strætisvagna. Á verkefnið að vera liður í snjallvæðingu borgarinnar.

Fram kemur í greinargerð að borgarstjórn hafi árið 2018 beint því til Strætó bs. að auka aksturstíðni strætós í 7,5 mínútur á háanna tíma á stofnleiðum. Ætla megi að sjálfkeyrandi tækni geti stórkæði afkastagetu og aukið tíðni strætóferða fyrir óbreytt fjárfrelag. –ab

Öllum sagt upp hjá Herjólfu ohf.

VINNUMARKAÐUR Í gær var öllum 68 starfsmönnum Herjólfu ohf. sagt upp, mun það vera varúðar-ráðstöfun til að reyna að takmarka tjón félagsins.

Frihöfnin, dótturfélag Isavia, sagði 62 starfsmönnum upp í gær. Bætist þar við þá 135 starfsmenn Isavia sem sagt var upp um helgina, þá var 101 starfsmanni sagt upp í lok mars. Ástæðan er mikill samdráttur í rekstri og óvissa vegna áhrifa COVID-19 heimsfaraldursins.

Auk uppsagnanna hefur Isavia gripid til ýmissa annarra hagræðingaraðgerða, svo sem sameiningar sviða og fækkunar í framkvæmdastjórnum félagsins.

Fyrir mánaðamót var öllum 69 starfsmönnum ferðapjónustufyrirtækis sagt upp. –ab

Gagnrýna skýrslu ráðherra

Lífsvirðing, félag um dánaraðstoð, gagnrýnir nýttkomna skýrslu heilbrigðisráðherra. Í skýrslunni er líknarmedferð sögð tegund dánaraðstoðar og segir formaður Lífsvirðingar það skjóta skökku við.

HEILBRIGÐISMÁL Lífsvirðing, félag um dánaraðstoð, gagnrýnir skýrslu heilbrigðisráðherra um dánaraðstoð sem birt var á vef Alþingis fyrir helgi.

Skýrslunni, sem unnin var að beiðni Bryndisar Haraldsdóttur þingmanns Sjálfstæðisflokksins og fleiri þingmanna, er ætlað að vera grundvöllur frekari umræðu um dánaraðstoð en í henni er ekki tekin afstaða til þess hvort leyfa eigi dánaraðstoð eða ekki.

Í beiðninni var óskað eftir upplýsingum um dánaraðstoð, þróun lagaramma og reynslu af dánaraðstoð þar sem hún er leyfð, upplýsingum um opinbera umræðu og lagabreytingar þar sem slík aðstoð er ekki leyfð ásamt svörum við því hvort tækt sé að gera viðhorfskönnun meðal heilbrigðisstarfsmanna um afstöðu þeirra til dánaraðstoðar.

Gagnrýni Lífsvirðingar beinist meðal annars að því að í skýrslunni sé því haldið fram að líknarmedferð sé ein tegund dánaraðstoðar og í athugasemdum félagsins, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, kemur fram að Lífsvirðing hafi „alltaf verið þeirrar skoðunar að dánaraðstoð ætti að vera hluti lífslokamedferðar“.

Í skýrslunni er talað um líknarmedferð sem „medferð sem hefur það markmið að lina þjáningar og bæta lífsgæði sjúklings sem greinst hefur með alvarlegan, lífsógnandi eða langvinnan sjúkdóm“, og að markmiðið með medferðinni sé að draga úr vanlíðan sjúklings og styðja bestu mögulegu lífsgæði bæði sjúklings og fjölskyldu.

Ingrid Kuhlman, formaður Lífsvirðingar, segir áhugavert að því sé haldið fram af heilbrigðisráðuneytinu að líknarmedferð sé tegund dánaraðstoðar. „Því hefur alltaf verið haldið fram að ekki sé verið að veita dánaraðstoð hér á landi svo ef þetta er dánaraðstoð þá er búið



Samkvæmt niðurstöðum könnunar frá árinu 2015 eru 78 prósent fylgjandi dánaraðstoð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ef þetta er dánaraðstoð þá er búið að vera að veita hana hér í mörg ár.

Ingrid Kuhlman, formaður Lífsvirðingar



að vera að veita hana hér í mörg ár,“ segir hún og vísar meðal annars til líknandi medferðar sem veitt er á líknardeild Landspítala sem stofnuð var í apríl árið 1999. Ekki náðist í Valgerði Sigurðardóttur, yfirlækni líknardeildarinnar við gerð þessarar fréttar.

Í athugasemdum sínum bendir Lífsvirðing einnig á að ekki sé greint rétt frá þeim könnunum sem gerðar hafa verið á viðhorfi almennings til dánaraðstoðar. „Í kafla 3.2. er látið eins og engar kannanir hafi verið gerðar á viðhorfi almennings til dánaraðstoðar. Það er fjarri lagi og mjög ámælisverð fullyrðing,“ segir í athugasemdum félagsins.

„Árið 2015 fékk Siðmennt fyrirtækið Maskínu til að spyrja íslenskan almennung um viðhorf til dánaraðstoðar. Tekið skal fram að Maskína er óháður aðili sem leggur áherslu á vönduð vinnubrögð og framfylgir ströngustu reglum um framkvæmd kannana,“ segir þar einnig.

Bryndís Haraldsdóttir þingkona segir skýrsluna ágætlega unna en

að sjálf hefði hún kosið að ráðist hefði verið í skoðanakönnun meðal heilbrigðisstarfsfólks og niðurstöðurnar birtar í skýrslunni. „Mér finnst engin ástæða til þess að draga kannanir Maskínu í efa, þær sýna gríðarlega mikinn stuðning almennings við það að heimila dánaraðstoð,“ segir Bryndís en í könnuninni sem um ræðir voru 78 prósent svarenda hlynt því að einstaklingur geti notið dánaraðstoðar.

„Það sem situr eftir er það hvernig við ætlum að nálgast það varðandi heilbrigðisstarfsfólk, því að ef við förum þessa leið þurfa heilbrigðisstarfsmenn að koma að þessu ferli og þar af leiðandi er afstaða þeirra auðvitað mjög mikilvæg.“ birnadrofn@frettabladid.is

GOÐSÖGN KNÚIN RAFORKU

ALVÖRU JEPPAR - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

JEEP PLUG-IN-HYBRID FORSALA - AFHENDING Í OKTÓBER 2020



JEEP RENEGADE TRAILHAWK 4X4
5.499.000*



JEEP COMPASS LIMITED 4X4
5.999.000*



RAFMAGNADUR

*Verð miðað við gengi USD 132, svartur Compass, hvítur Renegade, áætluð afhending í október 2020



ÚTSALA 20-70% AFSLÁTTUR MÖGNUM TILBOÐ



ÚTSALA



STILLANLEG HEILSURÚM

**20-35%
AFSLÁTTUR
SÝNINGARRÚM
FRÁ 250.680**



— ÚTSALA —
VERÐDÆMI



GRACE 160 CM RÚM

ÚTSÖLUVERÐ

72.220

VERÐ ÁÐUR 106.340

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

— ÚTSALA —
VERÐDÆMI



AVIANA 160X200CM RÚM

ÚTSÖLUVERÐ

127.168

VERÐ ÁÐUR 187.780

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

— ÚTSALA —
VERÐDÆMI



ALPINE PILLOWTOP

183X213 CM RÚM

ÚTSÖLUVERÐ

222.166

VERÐ ÁÐUR 375.572

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

SKIPTI OG SÝNINGARRÚM

**20-70%
AFSLÁTTUR**

MIKIÐ ÚRVAL GERÐU FRÁBÆR KAUP

SALA

ANA

Akureyrarbær neitar að styrkja útgáfu bókar um sögu Dags

NORDURLAND Akureyrarbær hefur hafnað styrkbeiðni fyrrverandi ritstjóra dagblaðsins Dags, Braga Bergmanns, og fyrrverandi framkvæmdastjóra blaðsins, Jóhanns Karls Sigurðssonar, sem stefna á að skrifa sögu blaðsins frá stofnun 1918 og þar til síðasta eintakið var prentað 1996. Kostnaðaráætlun er fimm til sex milljónir. Bæjarráð bað Ásthildi Sturludóttur bæjarstjóra að svara Jóhannesi og tilkynna honum um synjunina.

Í bréfi sem þeir félagar rita bænum segir að í bókinni verði rakin saga Dags frá stofnun árið 1918 og hvernig blaðinu óx jafnt og þétt fiskur um hrygg uns það varð að dagblaði þann 26. september árið 1985. Þar var brotið blað í sögu fjölmiðlunar á Íslandi því Dagur var eina dagblaðið með höfuðstöðvar utan Reykjavíkur.

Þegar best lét var Dagur með fjögur útibú utan höfuðstöðvanna á Akureyri. Á Húsavík, Sauðárkróki, Blönduósi og í Reykjavík.

„Þar sem reynslan sýnir að frekar er takmarkaður markhópur á svona útgáfu þá ákváðum við að leita eftir styrkjum frá sveitar-



Dagblaðið Dagur var gefið út á Akureyri og voru um 90 prósent áskrifenda þess Norðlendingar.

félögum og fyrirtækjum hér á Eyjafjarðarsvæðinu, þar sem útbreiðsla blaðsins var mest og menn litu almennt á Dag sem svæðisblað enda var áskrift hér um 90% á þessu svæði,” segir í bréfinu.

Þeir Bragi og Jóhann Karl stefna að því að gefa bókina út á næsta ári en stærsti óvissuþátturinn í áætlanagerðinni er virðisaukaskatturinn. – bb

Aldrei mælst meiri samdráttur

FJÁRMÁL Áætlað er að landsframleiðsla hér á landi hafi dregist saman um 9,3 prósent að raungildi á öðrum ársfjórðungi ársins samanborið við sama tímabil í fyrra. Er það mesti samdráttur sem mælst hefur frá því að ársfjórðungslegar mælingar hófust hér á landi.

Þetta er niðurstaða nýbirta þjóðhagsreikninga Hagstofu Íslands. Þar segir að frá apríl til loka júní gæti merkjanlegra áhrifa af heimsfaraldurinum.

Dróst landsframleiðsla saman um 5,7 prósent fyrstu sex mánuði ársins. Að sögn Hagstofunnar höfðu takmarkanir á ferðalögum fólks milli landa veruleg áhrif á bæði inn- og útflutning þjónustu á tímabilinu.

Áætlað er að heildarþjónusta á öðrum ársfjórðungi hafi dregist saman um 11,3 prósent

» Útflutningur dróst saman um 38,8 prósent og innflutningur um 34,8.

samanborið við sama tíma í fyrra.

Hér á landi drógust þjóðarútgjöld, sem eru samtala neyslu og fjárfestingar, saman um 7,1 prósent á öðrum ársfjórðungi borið saman við sama tímabil árið 2019. Samdráttur í einkaneyslu mældist 8,3 prósent.

Umtalsverður samdráttur mældist í bæði inn- og útflutningi á tímabilinu samanborið við sama tíma í fyrra. Útflutningur dróst saman um 38,8 prósent en samdráttur í innflutningi mældist 34,8. Vöru- og þjónustujöfnuður var neikvæður um 5,4 milljarða króna á tímabilinu. – eþá



Ihor Stakh fagnaði niðurstöðu kæruneftndar með því að skella sér í ræktina. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Þakklátur Ihor fær dvalarleyfi á Íslandi

Úkraínski blaðamaðurinn Ihor Stakh fær dvalarleyfi á Íslandi á grundvelli alþjóðlegrar verndar eftir að kæruneftnd útlendingamála felldi fyrri ákvörðun Útlendingastofnunar úr gildi. Hann ætlar að halda áfram að læra íslensku.

ÚTLENDINGAMÁL „Þetta er alveg frábær tilfinning. Ég er mjög hamingjusamur og þakklátur Íslandi og Íslendingum. Mér hefur verið tekið mjög vel og ég hef fundið fyrir miklum stuðningi,” segir úkraínski blaðamaðurinn Ihor Stakh.

Kæruneftnd útlendingamála hefur fellt úr gildi ákvörðun Útlendingastofnunar frá því í mars síðastliðnum þar sem Ihor var synjað um dvalarleyfi á Íslandi. Hefur Ihor þar með verið veitt alþjóðleg vernd á grundvelli laga um útlendinga og er lagt fyrir Útlendingastofnun að veita honum dvalarleyfi.

Ihor kom upphaflega til Íslands í september á síðasta ári og óskaði eftir alþjóðlegri vernd en hann hafði þá sett ofsóknunum vegna starfa sinna sem blaðamaður í Úkraínu.

Í úrskurði kæruneftndarinnar er farið yfir stöðu mannréttinda og vernd minnihlutahópa í Úkraínu og dregið fram að þótt landið sé lýðræðisríki sé spilling viðvarandi vandamál. Þá telur nefndin að leiða megja að því líkur að vilji lögreglu og annarra yfirvalda í heimahéraði Ihor, Chernihiv, til að veita honum vernd vegna umfjöllunar um spillingu sé lítil.

Nefndin telur Ihor hafa með ítarlegum og trúverðugum hætti gert grein fyrir þeim atburðum sem urðu

Samkvæmt viðmiðunum hér er Úkraína talin öruggt land en í raunveruleikanum er Úkraína hættuleg, sérstaklega fyrir blaðamenn.

Ihor Stakh, blaðamaður

til þess að hann sóttist eftir alþjóðlegri vernd á Íslandi.

Enn fremur segir í úrskurðinum að það sé mat nefndarinnar að „kærandi hafi ástæður til ótta við ofsóknir af hálfu opinberra embættismanna og aðila tengdra þeim“ og að líklega muni hann ekki geta fengið vernd lögreglu eða yfirvalda.

Ihor var tilkynnt um niðurstöðuna í gær en hann viðurkennir að dagarnir á undan, meðan hann beið niðurstöðunnar, hafi verið erfiðir. Gærdaginn byrjaði hann á sjósundi í Nauthólsvík og niðurstöðunni fagnaði hann með því að eyða klukkutíma í róðravel í World Class.

„Mér fannst eins og Útlendingastofnun hefði bara horft á það í sínum úrskurði hvaðan ég kem en ekki skoðað málið mitt. Ég óttaðist að kæruneftndin myndi gera það sama. En eftir að ég hittí kæruneftnd-

ina áttaði ég mig á því að þau höfðu skoðað málið mitt og gögnin mjög vel,” segir Ihor.

Hann beinir því til Útlendingastofnunar að horfa ekki bara á landið sem viðkomandi umsækjendur koma frá. „Samkvæmt viðmiðunum hér er Úkraína talin öruggt land en í raunveruleikanum er Úkraína hættuleg, sérstaklega fyrir blaðamenn og aktivista sem berjast gegn spillingu.“

Ihor þakkar lögfræðingunum hjá Rauða krossinum sem unnu að máli hans, þeim Berglindi Hermannsdóttur og Arndísi Gunnarsdóttur, sérstaklega fyrir þeirra störf. Þá hafi Orest Zaklynsky, Bandaríkjamadur af úkraínskum ættum sem er búsettur á Íslandi, reynst sér ómetanlegur stuðningur.

Hvað framtíðina varðar langar Ihor fyrst og fremst að halda áfram íslenskunámi sínu. „Mig langar að geta talað tungumál vikinganna en auðvitað líka vegna þess að ég bý hér og langar að tala við Íslendinga á íslensku.“

Hann langar einnig að mennta sig á Íslandi en hann lauk kennaramenntun í Úkraínu. „Svo langar mig að finna vinnu. Ég vil borga skatta hér og gera allt til að sýna Íslandi þakklæti mitt.“

sighvatur@frettabladid.is



Kynningarfundur um Matvælasjóð

Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðgjafi, boðar til opins fundar um Matvælasjóð, miðvikudaginn 2. september kl 09:00.

Í kjölfarið mun nýstofnaður Matvælasjóður byrja að taka við umsóknum og Gréta María Grétarsdóttir, formaður stjórnar, mun halda kynningu um sjóðinn.

Hlutverk Matvælasjóðs er að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla úr landbúnaðar- og sjávarafurðum.

Áhersla sjóðsins er á nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu um land allt.

Markmið Matvælasjóðs er að ná til verkefna á öllum stigum, allt frá hugmyndum til markaðssetningar og hagnýtra rannsókna.

Vegna fjölatakmárkanna verður fundinum streymt á vef Stjórnarráðsins www.stjornarradid.is

Nánari upplýsingar á www.matvaelasjodur.is

Stjórnarráð Íslands

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Rusesabagina handtekinn

RÚANDA Paul Rusesabagina, sem bjargaði lífi hundrða manna í þjóðarmorðunum í Rúanda, hefur verið handtekinn grunaður um brot á hryðjuverkalogum. Rusesabagina var hótelsstjóri þegar þjóðarmorðin voru framin árið 1994 og var saga hans gerð ódauðleg í kvikmyndinni Hotel Rwanda sem kom út árið 2004.

Rusesabagina hefur ekki búið í Rúanda frá árinu 1996 þegar hann slapp undan morðtilræði. Samkvæmt Twitter-síðu ríkislögreglunnar í Rúanda var Rusesabagina handtekinn með hjálp erlends ríkis



Rusesabagina er 66 ára gamall, hann dvelur nú í fangelsi í Kigali.

» Saga Rusesabagina var gerð ódauðleg í kvikmyndinni Hotel Rwanda sem kom út árið 2004.

og situr hann nú í fangelsi í Kigali. Er hann sakaður um að vera stofnandi ofbeldisfullra hryðjuverkahópa. Rusesabagina sjálfur hefur sagt að stjórnvöld í Rúanda hafi haft horn í síðu hans fyrir gagnrýni á eftirmál þjóðarmorðanna. – ab



HAUST ÚTSALA

PARKET
FLÍSAM
HURÐIR

GERÐU GÓÐ KAUP
ÞÚ GETUR SPARAÐ TUGI ÞÚSUNDA

Birgisson®



OKKAR VÖRUR ERU UMHVERFISVOTTADAR

Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | www.birgisson.is



Stríðið í Donbass hefur geislað í meira en sex ár. MYND/EPA

Rússar sleppi úkraínskum stríðsföngum

RÚSSLAND Bandaríkjamenn hvetja yfirvöld í Kreml til að sleppa úkraínskum stríðsföngum og hætta að kveðja Krímverja í rússneska herinn. Síðan Krímskagi var innlimaður í Rússland árið 2014 hafa Rússar skikkað hundruð Krímverja til að sinna herþjónustu í Donbassheraði í austurhluta Úkraínu.

» Frá því að átökin hófust í Donbass hafa verið sett á tuttugu vopnahlé, síðast í lok júlí. Rúmlega þrettán þúsund hafa látist í átökunum.

Rússar eru ekki formlega aðilar að stríðinu í Donbass er styðja leynt og ljóst við aðskilnaðarhreyfingarnar sem hafa miðstöðvar í borgunum Donetsk og Luhansk. Stríðið hefur nú varað í næstum sex og hálf ár og tugþúsundir fallið í valinn.

Stríðið einkennist af skærum og smærri hernáðarátökum. Margsinnis hefur vopnahlé verið reynt, til að mynda tvívegis í sumar, en illa gengið að halda það. Þá skilaði fundur forsetanna tveggja, Vládimírs Pútín og Volodímírs Selenski í París í fyrra, engu.

Peter Zalmajev, formaður mannréttindasamtakanna Lýðræðisfrumkvæðis Evrasíu, segist ekki bjartsýnn á að friður komist á í fyrirsjáanlegri framtíð því tíminn vinni með Pútín.

„Nema Pútín geti á einhvern hátt skilað hernumdu svæðunum í Donbass sem nokkurs konar Trójuhesti, og þannig komið í veg fyrir að Úkraína tengist Evrópusambandinu meira, hefur hann enga ástæðu til þess að vera þægur,“ segir Zalmajev. Þær efnahagsþvinganir sem vesturveldin hafi sett á Rússland bítu ekki nægilega mikið. – khg

Rúmlega 25 milljónir tilfella í heiminum

COVID-19 Rúmlega 25 milljónir manna hafa smitast af kórónaveirunni, þar af sex milljónir Bandaríkjamanna. Alls hafa fleiri en 844 þúsund manns látið lífið og 16,5 milljónir náð sér að fullu.

Samkvæmt tölum Johns Hopkins-háskóla hafa 183 þúsund Bandaríkjamenn látist af völdum COVID-19. Mettölur mælast nú á hverjum degi í Iowa og Minnesota en flestir hafa greinst í Kaliforníu. Smituðum

» í gær greindust sautján með smit í Kína, öll við landamæraskimun.

fer fjölgandi á Indlandi, 78 þúsund tilfelli greindust í gær, eru staðfest tilfelli smits þar í landi orðin 3,6 milljónir.

Stephen Hahn, yfirmaður mat-

væla- og lyfjastofnunar Bandaríkjana, sagði við Financial Times í gær að það kæmi til greina að heimila almenna notkun bóluvefnis áður en klínískum rannsóknum er lokið en Bandaríkjamenn hafa gagnrýnt yfirvöld í Rússlandi og Kína fyrir slíkar aðgerðir. „Kannski mun okkur finnast það viðeigandi,“ sagði Hahn.

Kínverjar munu nú þegar hafa bólusettt hermenn þar í landi fyrir

COVID-19. Rússar munu hefja almennar bólusetningar í nóvember. Fréttastofan Al-Jazeera hefur eftir sérfræðingum að þeirra bóluvefni byggji að stórum hluta á veiru sem valdi almennri flensu. „Mögulega veitir þetta 70 prósentu vörn fyrir kórónaveirunni, mögulega 40 prósentu,“ sagði Anna Durbin, vísindamaður við Johns Hopkins. „Það er þó betra en ekkert þangað til eitt hvað betra kemur á markað.“ – ab

Óttast um menningararfinn

Kínverjar hafa fyrirskipað að hætta skuli að kenna mongólsku í skólum í Innri-Mongólíu, aðeins verði kennd kínverska. Mannréttindasamtök óttast að tungumálið, og þar með menningararfurinn, hverfi.

KÍNA Mannréttindasamtök óttast að kínversk stjórnvöld hafi fært sig upp á skaftið við að útrýma tungumáli og menningu íbúa Innri-Mongólíu. Óttast Mannréttindasamtök Suður-Mongólíu að stjórnvöld muni alfarið hætta að kenna tungumál þeirra og skipta því út fyrir mandarin-kínversku líkt og gert hefur verið á öðrum svæðum í Kína.

Í vesturhluta Kína standa nú yfir kerfisbundin mannréttindabrot á Úígúrum, múslimum sem búa í Xinjiang. Markmiðið er að eyða þjóðarbrotinu úr Kína. Einni milljón af 25 milljónum Úígúra er haldið í fangabúðum. Því hafa þó kínversk yfirvöld harðlega neitað.

Engum slíkum úrræðum hefur verið beitt gegn hinum tæplega 5 milljónum Suður-Mongólíumanna sem eiga heima í Innri-Mongólíu en samt sem áður hafa íbúar áhyggjur af stöðu sinni. Samkvæmt opinberum skjölum, sem var lekið, verður aðeins kennt á mandarin-kínversku í stað mongólsku. Hundruð grunnskólakennara í borgunum Tongliao og Ulaanhad voru kölluð á fund um miðjan ágúst til að tilkynna þeim að héðan í frá yrði ekki kennt á mongólsku. Opinbera markmiðið er að stuðla að því börn verði tvítyngd.

Fréttunum var dreift á Bainu, eina samfélagsmiðlinum á mongólsku í Kína með rúmlega 400 þúsund notendur. Bainu var lokað í síðustu viku og er óvíst hvort eða hvenær vefurinn verður opnaður aftur. Hefur umræðan nú færst yfir á WeChat, sem enn er opin. „Innri-



Rúmlega 25 milljónir búa í Innri-Mongólíu, þar af um 5 milljónir Mongólíumanna. MYND/EPA

» Við fordæmum þetta menningarlega þjóðarmorð sem á sér stað í Innri-Mongólíu.

Enkhabetu, framkvæmdastjóri MSM

Mongólía er aftur orðin að lögregluríki. Það er vaxandi spennan á milli íbúa og stjórnvalda. Það er verið að svipta okkur síðustu menningar-

arfleifið okkar, tungumálinu okkar.“ hefur fréttavefurinn Vice eftir notanda á WeChat.

Á sunnudaginn birtust myndbönd á Twitter og YouTube sem virðast sýna mótmæli í Innri-Mongólíu.

Enkhabetu, framkvæmdastjóri Mannréttindasamtaka Suður-Mongólíu, sagði í samtali við Voice of America að stjórnvöld í Peking hefðu lengi ætlað sér að útrýma tungumálinu og í raun samþætta

alla íbúa Kína. „Við fordæmum þetta menningarlega þjóðarmorð sem á sér stað í Innri-Mongólíu,“ sagði Enkhabetu.

Enkhabetu segir þjóðernið vera undir í þessari baráttu. „Þetta snýst ekki aðeins um tungumálið. Mongólíumenn hafa verið heftir af kínverska kommúnistaflokknum of lengi. Tungumálið er það eina sem við eigum eftir, þegar það er farið erum við ekki lengur Mongólíumenn.“ arib@frettabladid.is



SAMAN
ALLT

ALLT

SAMAN
ALLT

SAMAN
ALLT

NOVA

Sumt er alveg óþolandi!

Eins og að farsímaáskrift sé ekki með í heimapakka

Prófaðu frítt í mánuð

Vertu með AlltSaman hjá Nova! Eitt verð fyrir ótakmarkað net heima, í farsímann, snjalltækin og úrið fyrir alla á heimilinu.

nova.is/AlltSaman

TAX FREE

SNYRTIVÖRU DAGAR

1.-7. SEPTEMBER

TAXFREE*
AF ÖLLUM SNYRTIVÖRUM

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti

Í Kringlu og Smáralind finnur þú
mesta úrvalið og meira pláss

HAGKAUP
Snyrtivara

SKOÐUN

Nei eða já



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Líklega er ekki ofsagt að litli veiruskrattinn sé sundrungráfl. Sumir segja að herða þurfi aðgerðir gegn útbreiðslu hennar – aðrir segja að of langt hafi verið gengið. Meginatriðið er að allar sóttvarnaaðgerðir miðuðu upphaflega að því að fletja út kúrfuna til að lágmarka álag á heilbrigðiskerfið. Eins og mál standa er enginn á sjúkrahúsi vegna veirunnar. Kóvið virðist vart vera orðið annað en flensa. Kannski illskæð en eins og sakir standa fremur máttlaus. Nýinnfluttu öndunarvélnar rykfalla, blessunarlega.

Samt höfum við hneppt hundruð í stofufangelsi og lokað landamærum. Miðtaugakerfi ráðamanna virðist hafa brugðist hýsli sínum. Við þurfum að horfast í augu við að „markaðssetning“ þessarar farsóttar tókst vel. Það eru allir á nálum. Beðið er bóluefnis sem kannski kemur, en kannski ekki.

Eins vist og hvað eina getur orðið, þá deyjum við öll. Fyrir það verður ekki komist. Undanfarin tíu ár dóu 72 hérlendis af völdum influensu og lungnabólgu árlega, samkvæmt tölum frá Embætti landlæknis. Í kóvinu hafa tíu látist. Það voru dýrmæt líf, en kannski ræð veiran ekki úrslitum í öllum tilvikum.

En það er ekki nægt tilefni til að bregðast við eins og við, og reyndar aðrar þjóðir hafa brugðist við. Við verðum að hugsa okkar aðferðir upp á nýtt. Það er sjálfsagt að gæta að þeim sem viðkvæmir eru, hvort sem er vegna undirliggjandi sjúkdóma eða öldrunar, en við göngum of langt.

Það er ekki fært að slökkva á heiminum og við getum ekki átt þátt í því. Fólk sem einskis átti sér ills von líður nú kvalir. Ekki vegna veirunnar, heldur vegna viðbragða við henni.

Þegar þetta er skrifað eru skráð í heiminum tæplega níu hundruð þúsund dauðsföll sem rakin eru til veiruskammarinnar. Í heiminum öllum lifa tæpir átta milljarðar manna. Það er ekki vafi á að veiran gerir skráveifu. En hversu margir munu deyja vegna aðgerðanna sem beint er að veirunni?

Hversu margir munu látast vegna beinna og óbeinna aðgerða gegn veirunni? Hvaða áhrif hafa aðgerðir stjórnvalda um heim allan gegn veirunni?

Það sem mælt er, skilar niðurstöðum. Ef augnamiðið er kóvið og afleiðingar þess, þá geta tölurnar verið sláandi.

Sumir segja að hættulegasti staðurinn til að dvelja á sé rúmið – flestir deyi í rúminu. Aðrir benda á að árlega tapi fjölmargir lífinu í umferðinni. Engum dettur í hug að banna rúm eða umferð.

Líklega þurfum við sætta okkur við að veiran verði förunautur okkar um langa hríð, en við getum ekki sætt okkur við að það marki líf okkar þannig að jafna megi til fangavistar án sakar. Verði framhald á hindrunum og takmörkunum sambærilegum þeim sem við finnum fyrir í daglegu lífi, verður þess ekki langt að biða að borgaraleg óhlýðni geri vart við sig.

Þá verður spurt hvort reglurnar standist stjórnskipulega og hvort hægt verði í reynd að framfylgja þeim eins og jafnan má ætlast til um reglur.

Viljum við það?



Undanfarin tíu ár dóu 72 hérlendis af völdum influensu og lungnabólgu árlega, samkvæmt tölum frá Embætti landlæknis.

Halldór



Frá degi til dags

Far-trampólín

Trampólín eru sannkallaður varboði hér á landi. Eins og farfuglarnir. Garðeigendur keppast við að setja þau saman leiðbeiningalaust, því leiðbeiningarnar eru löngu týndar. En það er með trampólíni eins og farfuglana. Á haustin takast þau á loft og fljúga út í buskann. Minni trampólíneigenda virðist gloppóttara en góðu hófi gegnir því það virðist alltaf koma þeim jafnmikið á óvart að þau geti flogið.

Bolurinn

Það var heimilislegur andi sem sveif yfir vötnum í kvöldfréttatíma Stöðvar 2 á sunnudagskvöld. Þar var mættur samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra á nærholnum að ræða hafnir og uppbyggingu þeirra. Reyndar var víðtalið tekið í gegnum samskiptaforrit en ráðherra var bæði í mynd og hljóði. Þetta er notaleg tilbreyting við dragtirnar og jakkafötin sem einkenna alla fréttatíma, ekki síst þegar talað er við ráðherra. Þetta þýddi hins vegar að enginn tók eftir hvað ráðherrann var að segja því allir voru að hugsa um hvers vegna honum fannst góð hugmynd að mæta í viðtal á hvítum nærhol. Spurningin er hvort ráðherrar almennt eigi bara að vera á nærholnum í sjónvarpsviðtölum. Þannig er alla vega hægt að segja ýmislegt án þess að nokkur taki eftir því.

Mestu verðmætin



Logi Einarsson
formaður Samfylkingarinnar

Við erum á hraðri leið niður í hyldjúpa efnahagslægd og þurfum að beina öllum okkar kröftum að því að milda áhrifin á fólk og tryggja öfluga viðspyrnu.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa fyrst og fremst snúist um að verja fyrirtæki en minna um að styðja fólk og heimili. Stuðningur við fyrirtæki á krepputímum er gríðarlega mikilvægur, en hann getur ekki komið í staðinn fyrir aðstoð við manneskjur. Það lá fyrir strax í vor að þúsundir höfðu enga vinnu og aðstæður versnuðu enn frekar þegar ríkisstjórnin ákvað að greiða fyrirtækjum beinlínis fyrir að segja upp fólk.

Nú eru yfir tuttugu þúsund manns atvinnulausir og sú tala á því miður eftir að hækka. Fólk glatar drjúgum hluta ráðstöfunartekna með tilheyrandi búsifjum, fjölskyldur eiga erfitt með að standa undir föstum skuldbindingum og æ fleiri leita til hjálparstofnana eftir matargjöfum, yfirhöfnum og öðrum nauðsynjum. Aukinn stuðningur við þetta fólk er ekki aðeins réttlætismál heldur mun hann líka skila sér í aukinni neyslu, örva eftirspurn og þannig undirbúa jarðveginn fyrir kraftmikla uppbyggingu og fjölgun starfa.

Allt of lítið er rétt um þann hóp sem er í mestri hættu; börn og unglíngja. Þau eru einstaklega berskjölduð gagnvart því álagi og þeirri óvissu sem fylgir peningaáhyggjum foreldra sinna. Áhrifin af því geta mótað þau alla ævi.

Nú þegar búa yfir 6.000 börn við fátækt á Íslandi. Þetta er þjóðarskömm. Markmið okkar ætti að vera að útrýma barnafátækt – en ekki stefna í öfuga átt með máttlausum aðgerðum sem sniðnar eru að fyrirtækjum frekar en manneskjum. Það verður mikill áfellingdómur yfir ríkisstjórn Íslands ef hún gerir ekki allt sem í hennar valdi stendur til að verja barnafjölskyldur. Verkefni næstu mánaða og ára er að skapa verðmæt störf, byggja upp og sækja fram. Þessum markmiðum verður ekki náð með því að viðhalda neyð á heimilum þeirra sem missa vinnuna og vanrækja mestu og mikilvægustu verðmætin: börnin okkar.



Nú þegar búa yfir 6.000 börn við fátækt á Íslandi. Þetta er þjóðarskömm.

TUDOR Rafgeymar

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta alla leið

Sterkir TUDOR rafgeymar í alla atvinnubíla

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • skorri.is

Styrkjum hina norrænu þversögn

Henný Hinz
ASÍ Ísland

Kaukoranta Ilkka
FFC Finnland

Ola Pettersson
LO Svíþjóð

Roger Bjørnstad
LO Noregi

Allan Lyngsø Madsen
FH Danmörku



Hvernig geta Norðurlönd sýknt og heilagt verið heimshluti þar sem fólk hefur háar tekjur, atvinnuþáttaka er mikil, opinberi geirinn er stór, tekjuöryggi er gott og fyrirtæki standa sig almennt vel á alþjóðlegum mörkuðum?

Norðurlöndin eru velmegandi ríki. Ríki Norðurlanda eru einnig á meðal þeirra landa í heiminum þar sem tekjumunur er einna minnstur. Þannig var það bæði árið 2000 og árið 2010. Og þrátt fyrir COVID-19 farsóttina er það einnig svo árið 2020. Í stuttu máli sagt, þá hefur það verið raunin árum saman.

Engu að síður heyrum við oft frjálslyndar raddir sem halda því fram að tiltölulega mikil skattbyrði á Norðurlöndunum sé eins og þungur baggi sem haldi hagkerfinu niðri og telja að grípa þurfi til breytinga á skattkerfinu til þess að koma landinu út úr kreppunni. Ef aðeins persónuafsláttur og fjármagnsskattar væru lækkaðir – ef aðeins væru færri opinberir starfsmenn – ef aðeins hið opinbera væri

umfangsminna – ef aðeins félagslegar bætur og greiðslur yrðu lækkaðar – já, hvað myndi þá eiginlega gerast?

Samkvæmt klassískum hagfræðikenningum yrðu ríki Norðurlanda mun auðugri ef við fylgðum hinum frjálslyndu tillögum og hugmyndum. Þess vegna eru Norðurlöndin raunveruleg þversögn ef maður skoðar þau með þessum frjálslyndu gleraugum. Hvernig geta Norðurlönd sýknt og heilagt verið heimshluti þar sem fólk hefur háar tekjur, atvinnuþáttaka er mikil, opinberi



geirinn er stór, tekjuöryggi er gott og fyrirtæki standa sig almennt vel á alþjóðlegum mörkuðum? Þetta ætti ekki að vera hægt.

Þetta er engu að síður staðreynd og það má fyrst og fremst rekja til þriggja þátta. Í fyrsta lagi þá byggja klassískar hagfræðikenningar á þeirri forsendu að markaðnum sé best borgið án afskipta hins opinbera. Með öðrum orðum, afskipti stjórnvalda eru upphaf og endir alls ills.

Í öðru lagi þá er eina framlag hins opinbera að endurdreifa fjármunum, því er lítið á það sem óvirkan þáttakanda sem eingöngu stuðlar að því að skekkja efnahagslífið með skattheimtu.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að fólk vilji ekki vinna, heldur vilji fremur lifa á félagslegum bóttum.

Við sjáum hins vegar að daglegt líf er talsvert flóknara en hinar einföldu forsendur gera ráð fyrir. Tilveran er ekki bara svört eða hvít.

Hin klassíska röksemdafærsla hagfræðinnar stenst því ekki í veruleiknum. Ímyndið ykkur bara hversu mikilvægt aðgengi að menntun, dagvistun, heilsugæslu, öldrunarþjónustu o.s.frv. er til aukins hagvaxtar og þátttöku í afkastamiklu atvinnulífi.

COVID-19 farsóttin hefur, með sama hætti, sýnt fram á að skattgreiðslur og tekjutrygging í gegnum hið félagslega kerfi eiga mikinn þátt í að standa vörð um áframhaldandi starfsemi fyrirtækja á almennum markaði á fordæmalausum tímum sem líkjust í engu okkar hefðbundnu tilveru. Hið opinbera hefur gert það mögulegt að mæta þessum utanaðkomandi þáttum með sameiginlegum lausnum sem hafa gagnast samfélaginu í heild og þar með átt ríkan þátt í að viðhalda eftirspurn í hagkerfinu.

Þá staðreynd að við höfum á síðustu áratugum verið á meðal auðugustu og jöfnustu samfélaga veraldar, má að miklu leyti þakka uppbyggingu norrænu velferðarsamfélaga. Sterkum og vel skipulögðum vinnumarkaði. Opinberu kerfi, sem byggir á velferð til handa öllum. Og þjóðhagsstefnu sem miðar að því að tryggja fulla atvinnu. Með öðrum orðum, samfélagsskipulag sem byggir á samstöðu.

Við skulum styrkja þann grunn svo hann megi verða okkar leið út úr kreppunni.

Húsafellsmál



Guðmundur Andri Thorsson
Þingmaður
Samfylkingarinnar



Það hlýtur að vera ómaksins vert að reyna til þrautar að láta þetta sambýli ganga, þannig að báðir aðilar hafi sóma af – og verðmæti bjargist.

Þá á Húsafelli er einn af ástælustu listamönnum þjóðarinnar og vettvangur listar hans er Húsafell þar sem hann ólst upp og hefur búið mestalla sína tíð. Hann sækir efnivið sinn í gilið ofan við Húsafell, les landið, sér í grjóti myndir sem þar búa og hann laðar fram með höndum sínum og tólum, vegna þess að þetta land býr í honum og hann í því. Í list hans býr saga sveitarinnar, mannlíf hennar, samhengi, liðnir og nýir svipir, minningar og sögur.

Ég held að við skynjum það flest þegar við komum til Húsafells hvernig Páll fangar í list sinni anda staðarins.

Páll er steinsmiður, yngstur í ættboga slíkra manna á þessum slóðum. Um hagleikshefð Húsafellsmanna vitna legsteinar frá liðnum tímum sem hann hefur nú reist lítið safn um á landi sínu – og styr stendur um. Húsið reisti hann í góðri trú, búinn að fá þau leyfi sem þurfti. Þetta er ekki forljótt ferliki, heldur staðarþróði, fögur bygging með torfbaki sem fellur afar vel að því sem þarna er fyrir. Höfundar hússins eru arkitektarnir Stefán Örn Stefánsson og Grétar Markússon. Legsteinasafnið geymir stórmerka menningarsögu, iðnsögu, persónusögu, listasögu – þarna eru í húfi ómetanleg verðmæti.

Nú virðist stefna í að þessi bygging verði rifin vegna mistaka í stjórnsýslu, skilst manni. Eigandi gistirýmis sem rekið er í gamla Húsafellsbænum mun hafa verið ósáttur við að þetta hús risi á þessum stað án samráðs við hann, og hagnýtti sér rétt sinn til að kæra. Hann vill hafa sitt að segja um það

hvernig uppbyggingu þarna er háttað; líka á landi Páls.

Um lagalegar hlíðar málsins ætla ég ekki að þrætta, enda eru lögfræðinni þrátt fyrir allt viss takmörk sett þegar kemur að því að leysa úr ágreiningsmálum og sambúðarvanda, þó að okkur beri vissulega öllum að fara að lögum. En það yrði hörmuleg niðurstaða málsins, að rífa legsteinasafnið og hrekja Pál Guðmundsson burt frá Húsafelli. Það hlýtur að vera ómaksins vert að reyna til þrautar að láta þetta sambýli ganga, þannig að báðir aðilar hafi sóma af – og verðmæti bjargist.

Páll á Húsafelli er að vísu ljúflingur, en ekki skal gert lítið úr því að það kunni að vera krefjandi verkefni að búa í grennd við listamann sem mótar svo mjög sitt umhverfi og er svo samgróinn umhverfinu sem Páll er. Það kemur lítið út úr því að knésetja slíkan mann annað en talsýn um sigur. En læri maður að búa með honum getur það verið óumræðilega gefandi.



Sviðslistasjóður Styrkir til atvinnusviðslistahópa Umsóknarfrestur er til 1. október 2020

Sviðslistaráð auglýsir eftir umsóknum um styrki til atvinnusviðslistahópa á árinu 2021.

Umsóknarfrestur er til 1. október 2020 (kl. 23.59).
Umsóknum skal skilað rafrænt á www.rannis.is.

Í umsókn er beðið um lýsingu á verki, gildi, ferli listamanna og tímaáætlun. Einungis er tekið við rafrænum fylgigögnum með umsókn. Svör til umsækjenda berast í janúar 2021.

Athugið að umsókn um styrki til starfsemi atvinnusviðslistahópa getur einnig gilt sem umsókn til listamannalauna. Sviðslistasjóður starfar samkvæmt nýjum lögum um sviðslistir 2019 nr. 165.

Umsjón:

Óskar Eggert Óskarsson og Ragnhildur Zoëga,
sími: 515 5838, sviðslistasjodur@rannis.is, www.rannis.is.



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og
menningarmálaráðuneytið


rannis
www.rannis.is

Eitt af stærstu afrekum íslensku íþróttasögunnar

FÓTBOLTI Sara Björk Gunnarsdóttir varð í gær annar knattspyrnumaðurinn til þess að vera hluti af sigurlíði í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu á eftir Eiði Smára Guðjohnsen sem vann keppnina með Barcelona vorið 2009.

Eiður Smári var þar leikmaður í Barcelona-liði sem varð sömuleiðis Spánarmeistari og bikarmeistari. Þá vann Eiður Smári einnig ensku úrvalsdeildina tvisvar með Chelsea.

Sara er sömuleiðis að koma sér á stall með íslenskum knattspyrnumönnum á borð við Ásgeir Sigurvinsson sem varð Þýskalandmeistari með Stuttgart árið 1984 en hann var í lykilhlutverki í meistaraliðinu og var í lok keppnistímabilsins kjörinn leikmaður ársins í þýsku efstu deildinni.

Af öðru íslensku hópiþróttafólki sem unnið hefur Meistaradeild Evrópu í íþrótt sinni má nefna Ólaf Stefánsson sem gerði það fjórum

» Sara bætist í hóp Eiðs Smára, Ólafs Stefánssonar og Arons Pálmarssonar sem hafa unnið Meistaradeildina í sinni íþrótt.

sinum í handbolta, einu sinni undir stjórn Alfreðs Gíslasonar hjá Magdeburg og svo þrisvar sem leikmaður spænska liðsins Ciudad Real. Aron Pálmarsson hefur síðan tvisvar unnið Meistaradeild Evrópu en hann gerði það undir stjórn Alfreðs hjá Kiel árin 2010 og 2012.

Sara hefur unnið þýska meistartitilinn fjórum sinnum með Wolfsburg og orðið þýskur bikarmeistari með liðinu jafn oft. Fljótlega eftir að hún kom til Lyon vann hún franska bikarinn með liðinu. Hún varð sænskur meistari fjórum sinnum með Rosengård og einu sinni bikarmeistari í Svíþjóð með liðinu. – hó



Stoltir foreldrar. Þau Guðrún og Gunnar komu saman ásamt sínu fólki og horfðu á Söru Björk vera frábæra á miðju Lyon í úrslitaleik Meistaradeildarinnar. Hamingjuóskum hefur rignt yfir þau eins og dótturina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Foreldrarnir klökkir er bikarinn fór á loft

Fjölskylda Söru Bjarkar Gunnarsdóttur kom saman á sunnudag og horfði á úrslitaleik Meistaradeildarinnar. Móðir hennar, Guðrún Valdís Arnardóttir, segir að hún sé alltaf að bæta sig sem leikmaður og sá það vel á sunnudag.

FÓTBOLTI „Ég er ofboðslega stolt af því hvað hún er komin langt og hreykin hvað hún er búin að standa sig vel. Fylgt sínu eftir. Ég samgledst henni innilega og ég var klökk fyrir hennar hönd,“ segir Guðrún Valdís Arnardóttir, móðir Söru Bjarkar Gunnarsdóttur leikmanns Lyon.

Sara Björk skráði sig á spjöld íþróttasögunnar þegar hún varð fyrsta konan til að vinna Meistaradeild Evrópu með liði sínu Lyon. Sara þótti vera ein af betri leikmönnum leiksins sem var gegn hennar gamla liði Wolfsburg.

Foreldrar hennar, Guðrún og Gunnar Svavarsson, ásamt nánustu fjölskyldu hennar komu saman í Hafnarfirði og horfðu saman á leikinn. Gleðin var ósvikin þegar flautað var til leiksloka enda hafði Sara gulltryggt sigur Lyon með þriðja marki franska liðsins. „Ég var full tilhlökkunar en ég viðurkenni að ég vaknaði með smá hnút í maganum. Við höfðum þó mikla trú að hún myndi klára þetta,“ segir hún og viðurkennir að þótt henni finnist Sara alltaf glæsileg þegar hún gengur inn á völlinn hafi hún verið órlítið glæsilegri á einu stærsta sviði fótþoltans.

„Hún var alveg frábær. Hún sagði sjálf að hún ætti eftir að læra alveg helling fyrst þegar hún kom til Lyon. Hún er alltaf að bæta sig og ég sá það í leiknum að hún hefur bætt sig,“ segir móðir hennar. Hún ætti að þekkja það best enda hafa þau fylgt dóttur sinni eftir frá því hún var lítil stúlka að byrja í Haukum.

„Við höfum fylgt henni út um allt. Pabbi hennar hefur verið aðstoðarþjálfari og vatnsberi og brugðið sér í allra kvikinda líki. Var alltaf í kringum liðið og ég var svo í foreldrafélaginu og við unnum mikið með Haukum. Það var frábær tími,“



Sara Björk var frábær á miðju Lyon og gulltryggt sigurinn með góðu marki. Hún er fyrsta íslenska konan til að vinna Meistaradeildina. MYND/GETTY

●● Hún er alltaf að bæta sig og ég sá það í leiknum að hún hefur bætt sig.

Guðrún Valdís Arnardóttir

segir Guðrún sem vinnur í fjármála-deild Marel. Þar var hún nýbúin að klára fund og á leiðinni á annan þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til hennar. Eðlilega er mikið að gera

hjá deildinni nú þegar mánaðamót eru komin en þó var minnst á afrek Söru. Það er þó ekki aðeins fólkið hjá Marel sem er stolt af Söru og hennar afreki því Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Guðni Bergsson, formaður KSÍ, Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari og fleiri og fleiri sendu henni góðar kveðjur. „Við erum samt held ég alveg á jörðinni. Öll erum við jú bara fólk. En það er númer eitt, tvö og þrjú að hún er að uppskera eins og hún sáði.“ benediktboas@frettabladid.is



Markáætlun í tungu og tækni

Umsóknarfrestur er 15. október 2020

Markáætlun í tungu og tækni er opinn samkeppnissjóður sem starfar samkvæmt lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir (nr. 3/2003 með áorðnum breytingum). Áherslur áætlunarinnar eru ákvarðaðar af Vísinda- og tækniráði, en hún er fjármögnuð af mennta- og menningar-málaráðuneyti. Rannís er umsýsluadili sjóðsins.

Markáætlun í tungu og tækni styður við verkefni í máltækni sem hafa það að markmiði að gera íslensku gjaldgenga í stafrænni upplýsingatækni og stuðla að notkun hennar á þeim vettvangi. Hlutverk hennar er að auðvelda nýtingu nýrrar samskiptatækni í íslensku samfélagi til hagsbótar almennings, stofnunum og fyrirtækjum.

Áhersla er á hagnýtingarverkefni sem miða að því að próa máltækniþúnað og máltækniúthverfi fyrir tiltekna aðstæður eða notkun.

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Markáætlun í tungu og tækni fyrir 2020-2023. Umsóknarfrestur er til kl. 16:00 þann 15. október 2020.

Umsækjendur eru bednir að kynna sér vel reglur Markáætlunar í tungu og tækni áður en hafist er handa við gerð umsókna. Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum umsóknarkerfi Rannís.

Nánari upplýsingar á síðu sjóðsins

www.rannis.is/sjodir/rannsoknir/
markaaetlun-i-tungu-og-taekni/



VIÐ ÁSÖKKUM

ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur, hér þó einkum Guðmund Inga Guðbrandsson, umhverfisráðherra, en líka Sigurð Inga Jóhannsson, Bjarna Benediktsson og Katrínu sjálfa, harðlega, fyrir að standa að, leyfa eða líða það, sem við teljum vera

STÓRFELLT DÝRANÍÐ;

Íslenski refurinn er ofsóttur með heiftarlegum hætti, án ástæðu eða tilefnis, og litlir yrðlingar (eins og 1-2 mánaða hundshvolpar) drepnir í þúsunda tali, með viðurstyggilegum hætti, oft veiddir í fótaboga í grenjum, dregnir út og barðir með steini til dauða eða skotnir í tætlur með haglabyssu:

Íslenski refurinn, pólarrefurinn, er einstök tegund refs, minni og öðruvísi byggður en rauðrefurinn, og kom hann til Íslands á seinni ísöld. Er hann því fyrsta náttúrulega spendýrið, frumbygginn, hér. Ekki eru nema um 200 pólarrefir á hinum Norðurlöndunum, og eru þeir alfriðaðir, enda engin hætta talin stafa af þeim fyrir umhverfi, lífríki eða búfénað, en pólarrefurinn er lítið dýr, aðeins 3-5 kg. Pólarrefurinn er alæta, lifir á berjum, þangi, dýrahræum í fjöru og á landi, eggjum, hagamúsum og nagdýrum og fuglum. Hefur verið eðilegur hlekkur lífskeðjunnar hér í árþúsundir. Þegar ær voru látnar bera lömb sín úti, voru einhver brögð að því, að refurinn réðist á nýfædd lömb, einkum í harðæri, og fékk hann þá á sig það óorð, að hann væri dýrbítur. Að nokkru þá með réttu. Í um 20 ár hafa bændur, hins vegar, látið ær sínar bera í húsi, og varð það endir þess, að refurinn færi í lömb. Af einhverjum ástæðum hafa ýmsir þó haldið áfram að úthrópa refinn, eins og af gömlum vana, sennilega undir forustu grenjaskyttna og veiðimanna, sem alls fá um 100 milljónir króna, af ríkinu og sveitarfélögunum, fyrir þarflaust og ástæðulaust dráp saklausra og varnarlausra lífvera. Umhverfisstofnun hefur haldið úti víðtækum fyrirspurnum meðal bænda og grenja- og refaskyttna frá 2015, í 5 ár, í gegnum Bændatorgið og Bændablaðið, líka sent regulega fyrirspurnir um skaða af völdum íslenska refsins til allra sveitarfélaganna, en engar tilkynningar fengið um tjón eða skaða, nú í 5 ár.

Allir, sem láta sig dýra-, náttúru- og umhverfisvernd nokkru skipta og er annt um afar fábreytta fínu og flóru landsins, verða að velta því fyrir sér, hvort þeir vilji styrkja þetta fólk til nýrra valda. Það eru kosningar næsta haust.

JARÐARVINIR

Félagasamtök um dýra-, náttúru- og umhverfisvernd
Ole Anton Bieltvedt, formaður

Merkisatburðir

1910 Kveikt er á gasljósum í fyrsta sinn á götum Reykjavíkur.

1984 Verkmenntaskólinn á Akureyri er settur í fyrsta skipti.

1985 Flakið af Titanic finnst á 3.800 metra dýpi í franskbandarískum leiðangri undir stjórn Robert Ballard og Jean-Louis Michel.

1988 Berglind Ásgeirsdóttir verður fyrst íslenskra kvenna til að gegna embætti ráðuneytisstjóra, þá 33 ára.



Okkar ástkæri
Skúli Magnússon
húsasmiðameistari,
Drekavöllum 18,

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi 27. ágúst. Útförin verður frá Kapellunni í Hafnarfjarðarkirkjugarði föstudaginn 4. september kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vildu minnst hans er bent á Drafnarhús, kt. 490605-0450, rnr. 515-26-44906. Vegna aðstæðna verður útförin eingöngu fyrir nánustu aðstandendur.

Erla Kristjánsdóttir

Magnús Rúnar Skúlason

Smári Skúlason

Birkir Skúlason

Hólmfríður Vala Árnadóttir

Kristín Jóhanna Marteinsdóttir

Barbara Brzezinska

Luiza Dabkiewicz

Steinar Svavarsson

og barnabörn.

Afreksfólk hvatt til dáða

Fjörutíu og einn nýnemi í Háskóla Íslands tók í gær við styrk úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta HÍ. Fólkið kemur úr nítján framhaldsskólum víðs vegar á landinu.

Aldrei hafa jafn margir hlotið styrki úr Afreks- og hvatningarsjóði Háskóla Íslands og nú, frá því úthlutun þeirra hófst, árið 2008. Þeir voru 41 talsins. Ástæðan er sú að háskólanum barst metfjöldi umsókna um nám í vor og í ljósi þess var ákveðið að fjölga styrkjum úr sjóðnum umtalsvert, að því er fram kemur í fréttatilkynningu.

Þeir sem hljóta styrkina eru nýnemar við Háskóla Íslands sem hafa náð framúrskarandi árangri í námi til stúdentsprófs, en jafnframt látið til sín taka á öðrum sviðum, svo sem í félagsstörfum í framhaldsskóla eða listum og íþróttum. Þá eru í hópnum nemendur sem hafa sýnt fádæma seiglu og þrautseigju og hafa, þrátt fyrir erfiðar aðstæður, staðið sig afar vel í námi. Nú hefur þessi hópur innritast í tuttugu og þrjár mismunandi námsleiðir á öllum fimm fræðasviðum háskólans.

Styrkirnir eru veittir með stuðningi Aldarafmælisjóðs HÍ og Happraðttis HÍ. –gun



Styrkhafarnir dreifðu úr sér í hátíðarsalnum. MYND/KRISTINN INGVARSSON

Loka seinni heimsstyrjaldar minnst

Söguganga verður um Öskjuhlíð á morgun, 2. september, á vegum Borgarsögusafns, í tilefni þess að 75 ár eru frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar. Mæting er klukkan 17 á bilastæði Fossvogskirkjugarðs. Við hæfi er að hefja gönguna þar því yfir 200 hermenn úr seinni heimsstyrjöldinni hvila þar í kirkjugarði breska samveldisins. Síðan verða skotbyrgi og önnur mannvirki frá þessum tíma skoðuð ásamt því sem fjallað verður um sögu stríðsáranna.

Gísli Jökull Gíslason mun leiða gönguna, hann er fróður um tímabilið og hefur skrifað bækur um það. Gangan tekur um tvær klukkustundir. Þátttaka er ókeypis.

Miðað verður við 100 manna hámarksfjölda og að fólk virði tveggja metra regluna. Fólk er beðið að bóka sig á Facebook-síðu Borgarsögusafns.

–gun



Horft yfir Hlíðarnar frá Öskjuhlíð um 1955. MYND/HANNES PÁLSSON

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUÐ • REYNSLA



Kristín Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkyningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



Faðir okkar, stjúpfaðir,
tengdafaðir, afi og langafi,
Pétur Rúnar Ragnarsson

lést í faðmi fjölskyldunnar
á Líknardeild Landspítalans
fimmtudaginn 27. ágúst.
Útförin mun fara fram í kyrrþey.

Ragnar Pétursson
Hlín Pétursdóttir
Ólafur Þórðarson

Kristný Steingrímsdóttir
Guðjón Rafnsson
Sólveig Kristbjörg Vagnsdóttir
barnabörn og barnabarnabarn.



Ástkær eiginkona mín,
Þóra Hallgrímsson

sem lést þann 27. ágúst,
verður jarðsunga frá Dómkirkjunni
þann 4. september kl. 13.
Í ljósi aðstæðna verður einungis
nánustu aðstandendum og vinum
boðið að vera viðstaddir útförina.

Minningarathöfn um Þóru verður haldin síðar.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Björgólfur Guðmundsson



Móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Kristín Anna Guðjónsdóttir

Álfaskeiði 58, Hafnarfirði,
lést á Hjúkrunarheimilinu Sólvangi
25. ágúst sl.

Guðjón Þorkelsson
Magnús Þorkelsson
Íris Þorkelsdóttir

Sesselja G. Sigurðardóttir
Guðrún Ásmundsdóttir
Friðrik Guðjónsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir og amma,
**Elenora Margrét
Sigurðardóttir**

lést á heimili sínu
fimmtudaginn 27. ágúst.

Sighvatur Sigurðsson

Sigurður H. Sighvatsson

Róbert Þór Sighvatsson

Anna María Sighvatsdóttir

Jóhanna Jónsdóttir


Jón Atli Kjartansson

og barnabörn.

HEIMILI

FRÍÐJUDAGUR 1. SEPTEMBER 2020

Heimili



Árbæingurinn Felix Gylfason elti ástina í Breiðholtið og kann því vel. Hér leggur hann lokahönd á nautalund með béarnaise. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

ENZYMEDICA®

**Pizza í
matinn?**



Saxar lauk með sundgleraugu á nefinu

Það vefst ekki fyrir Felix Gylfasyni, matargúrú og markaðsfræðingi, hvað eigi að vera í matinn svona dagsdaglega. Þess vegna ákvað hann að leggja þeim lið sem orðnir eru uppiskroppa með nýjar hugmyndir á matmálstímum. ➔2

Framhald af forsiðu ➔

Þórdís Lilja
Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Mataráhuginn byrjaði snemma því þegar ég var lítill gutti ætlaði ég að verða kokkur. Ég ólst upp við venjulegan mömmumat og mamma sá oftast um matseldina en ég fór ungur að fíkta aðeins við þetta með henni," segir Felix Gylfason, markaðsfræðingur og matargúrú.

Felix er maðurinn á bak við vefsíðuna vinsælu Hvað er í matinn? en það er einmitt eilífðarspurning sem vefst fyrir mörgum í dagsins önn og margir rúlla viku eftir viku með sömu endurteknu réttina heima í eldhúsi.

„Á föstudögum heima er alltaf heimagerð pitsa og svo gerum við mikið af pastaréttum og reynum að hafa fisk einu sinni í viku. Þá er píta og burritós vinsælt hjá krökkunum," segir Felix um matinn sem er oftast á borðum á hans heimili í Seljahverfinu.

„Ég var dreginn upp í Breiðholt af konunni minni en er alinn upp í Árbænum. Hér er mjög gott að vera, stutt í allar áttir, hverfið er gott og gróid og einstaklega barnvænt," segir Felix.

Veganesti að búa um rúmið

Hlýleiki og notalegheit eru í fyrir-rúmi á heimili Felix og fjölskyldu.

„Mín eftirlætis mubla stendur í stofunni. Það er Strandmon-hægindastóllinn minn, rosaalega þægilegur og góður með kaffibolla og Fréttablaðið í hönd," segir Felix kíminn og húslegur í sér.

„Mitt uppáhalds húsverk er að moppa og ég hef gaman af eldamennsku og bakstri. Ég er samt meira í að elda en að baka þótt ég hafi tekið prufu í súrdeiginu í COVID-ástandinu. Ég hafði bara ekki úthald í það nákvæmnisverk," segir Felix og hlær við.

Bestu stundirnar heima eru föstudagskvöld.


„Mér finnst alltaf best að vera heima með fjölskyldunni eða með góða gesti og borða góðan mat. Heimagerða pitsan og gott rauðvín með á föstudagskvöldum er í alveg sérstöku dálæti."

Til að fullkomna heimilið langar Felix í sólpall í garðinn, með heitum potti og gufubaði. Hann keypti sér síðast IKEA-hillu í stofuna, tók þakið í gegn í fyrra og málaði stofuna í samkomubanninu í vor.

„En kaffivélin er sá hlutur sem mér finnst ómissandi til að lifa eins og heima," segir Felix sem fékk eftirfarandi veganesti í búskapinn að heiman:



Felix nýtur þess að tylla sér niður með kaffibolla í uppáhalds mublunni sinni, sem er Strandmon-hægindastóllinn í stofunni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Nautalund með brokkólísalati, kartöflubátum og béarnaise er í uppáhaldi.

„Það var að búa alltaf um rúmið."

Kærkomin hjálparhella

Felix á og rekur matarvefinn hvaderimatinn.is sem verið hefur í loftinu síðan 2006. Þar gefast dugandi og ánægjuleg svör við erfiðri spurningu sem brennur á mögum seinni part dagsins, já, hvað er í matinn?

„Mér finnst alltaf best að vera heima með fjölskyldunni eða með góða gesti og borða góðan mat. Heimagerða pitsan og gott rauðvín með á föstudagskvöldum er í sérstöku dálæti."



Felix hægeldar nautalundina í sous vide en grillar hana svo snögg og lokin.

gómsætum uppskriftum og nýjum ketó-flokki svo allir ættu að finna sitt hvað við sitt hæfi," segir Felix.

Hvað er í matinn? er sannkölluð hjálparhella þegar kemur að eldhússtörfum heimilisins.

„Já, hún afgreiðir matartímana á fljótlegan, skemmtilegan og auðveldan hátt. Notendur setja einfaldlega inn forsendur, til dæmis fisk á mánudögum eða kjúkling á þriðjudögum, og fá uppskriftir í samræmi við þær. Ef þeim líkar ekki rétturinn sem stungið er upp á geta þeir valið annan sem fellur betur í kramið. Einnig er hægt að breyta magni hráefna eftir því hversu margir verða í mat, frá einum upp í tíu, og fá uppgengið hversu langan tíma tekur að undirbúa máltíðina. Vefsíðan er líka góð hugmynd fyrir þá sem vilja versla í matinn á netinu því hún er tengd verslun sem býður upp á heimsendingu og er hægt að fá innkaupalista fyrir allt hráefni vikunnar í einu skjali," útskýrir Felix.

Hann á sér tvær uppáhalds uppskriftir af þeim 1.300 sem eru á hvaderimatinn.is.

„Uppskriftirnar koma úr mörgum áttum og hægt að velja uppskriftir frá upprunalandi. Þar er mitt uppáhald indverskur og mexíkóskur matur. Tikka Masala-kjúklingur frá grunni er í mestu dálæti en þegar við fjölskyldan viljum gera virkilega vel við okkur er það nautalund með béarnaise-sósu og brokkólísalati," upplýsir Felix sem útbýr einmitt þann lost-

æta rétt fyrir lesendur.

Á síðunni eru líka fjölmörg húsråd.

„Mitt besta heilræði við eldamennskuna er að nota sundgleraugu við að skera lauk," segir Felix og er full alvara þar sem hann brosir breitt í eldhúsinu heima.

Skoðuðu hvaderimatinn.is til að fá ferskar hugmyndir að matartíma sem slær í gegn heima.

Nautalund í sous vide

Setjið nautalund í lofttæmda pakkningu með rósaríni, pipar, hvítlauk og smjörklípu. Hitið við 52°C í tvo tíma. Skellið svo á sjóðheitt grill í eina mínútu á hvorri hlið.

Brokkólísalat

2 brokkólíhausar

1 stk. rauðlaukur

1 dl furuhnetur

1 dl mæjónes

0,5 dl sýrðum rjómi

1 dl sykur

3 tsk. edik

Hrærið mæjónesi og sýrðum rjóma saman við sykur og edik. Skerið brokkólí og rauðlauk smátt og blandið saman við. Geymið í kæli í nokkrar klukkustundi og stráið furuhnetum yfir salatið áður en borið fram.

Kartöflubátar

Skerið kartöflur í báta, ofnbakið þá þar til fullbakaðir og kryddið eftir smekk.

LIÐVERKIR,
STIRÐLEIKI
EÐA BRAK Í
LIÐUM?

Mest selda liðbætiefni
á Íslandi



2-3ja
mánaða
skammtur í
hverju glasi

„Vefsíðan var upphaflega sett á laggirnar til að létta undir með fólki að svara þessari spurningu á auðveldan hátt, en í þá daga stóðu fleiri að síðunni og fór hún vel af stað, vann meira að segja vefverðlaun sem „Bjartasta vonin“ og fékk mikla umfjöllun í fjölmiðlum," upplýsir Felix um uppskriftaritt sitt á vefnum sem nú geymir 1.300 girnilegar uppskriftir fyrir öll lífsins tilefni.

Hvað er í matinn? datt úr birtingu um tíma en þegar lénið var laust keypti Felix það aftur og setti síðuna í loftið á ný.

„Í vetur missti ég vinnuna og fór þá á fullt að gera andlitslyftingu á síðunni, gera hana notendavænni og koma henni aftur í loftið, ásamt Facebook- og Instagram-síðum. Ég er búinn að bæta við mörgum

Peugeot e-2008
Sportlegi valkosturinn



8

457 hestafla
Explorer PHEV



7

Með tökin á tækninni

Áttunda kynslóð VW Golf er bíll sem beðið hefur verið eftir. Þótt hann byggi á botnplötu síðustu kynslóðar er flest annað af því nýjasta sem tíðkast í bílaheiminum í dag. **4**



ÖRUGGT START

MEÐ EXIDE RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.





Lucid-rafjéplingurinn er stór og stæðilegur og fer á markað 2023.

Lucid-jepplingur næst á mynd

Fyrr í þessum mánuði náði Twitter-notandinn Coast Redwoods mynd af því sem talið er vera jepplingur Lucid-rafbílaframleiðandans. Bílnum hafði verið lagt við vegbrún á þjóðvegi í Norður-Kaliforníu og var tókulið á vappi í kringum bílinn. Engar myndir hafa náðst af þessum væntanlega lúxusjepplingi en eins og sjá má er hann engin smásmíði. Til stendur að frumsýna Air-fólksbílinn þann 9. september næstkomandi og hugsanlega verður þessi bíll sýndur við það tækifæri.

Að sögn forstjóra Lucid Motors, Peter Rawlingson, er jepplingsins að vænta á markað snemma ársins 2023, en hann verður byggður á sama undirvagni og fólksbílinn. Það þýðir að hann verður með 900 volta rafkerfi og mun geta notað allt að 350 kW hleðslustöðvar. Tengdur við þannig rafstöð getur bíllinn hlaðið orku fyrir 500 km akstur á aðeins 20 mínútum, sem er hraðar en nokkur annar rafbíll í dag. Air-fólksbíllinn á að hafa allt að 832 km drægi samkvæmt EPA-staðlinum, en líklega hefur jepplingurinn eitthvað minna vegna stærðar sinnar.



Ný Panamera setti fyrir skemmstu nýtt met lúxusbíla á Nurburgring.

Panamera nú í Turbo S útgáfu

Mestu breytingarnar á nýjum Panamera eru öflugri útgáfur auk nýrrar tengiltvinnútgáfu. Í Turbo S útgáfu fer fjögurra lítra V8 vélin úr 542 hestöflum í 621 hestafli. Það þýðir að flaggskipið er nú aðeins 3,1 sekúnda í hundraði sem er bæting um hálfu sekúnda. Þessi bíll hefur líka sett nýtt met lúxusbíla á Nurburgring sem er 7 mín. 29,81 sek. en fyrra met átti Mercedes AMG GT 63 S síðan árið 2018.

Til að vera ekki langt á eftir Turbo S hefur Panamera GTS einnig fengið meira afl. Búið er að gefa honum 19 hestöfl í viðbót og er hann nú 473 hestöfl. Auk þess fær bíllinn endurhannað pústerkerfi, sem gefur meira V8 hljóð að sögn talsmanna Porsche. Nýjasta tengiltvinnútgáfan er 4S E-Hybrid en sá bíll skilar 552 hestöflum. Í honum er 2,9 lítra V6-vél með tveimur forþjöppum sem skilar 434 hestöflum og 134 hestafla rafmótor. Sjálfskiptingin er átta þrepa og er sá bíll 3,7 sekúndur í hundraði. Hann fær líka stærri rafhlöðu en áður en hún er nú 17,9 kWst sem gefur honum drægi upp á 55 km á rafmagninu einu saman.

Forstjóri VW hvetur til grænni samgangna

Forstjóri Volkswagen Group, Herbert Diess, hefur tekið undir með Bill Gates og hvatt stjórnvöld til að finna leiðir til grænna samgöngu-kerfis í nýlegri LinkedIn-færslu.

Einnig notaði hann tækifærið og gagnrýndi stjórnvöld í Þýskalandi fyrir að vera lengi að losa sig við brennslu kola þar í landi.

Hann tekur undir með Bill Gates



Herbert Diess kynnrir ID.3 rafbílinn á bílasýningunni í Frankfurt í fyrra.

um að nota ætti rafdrifin ökutæki alls staðar þar sem það er mögulega hægt, en hann sagði meðal annars í síðustu viku að loftslagsbreytingar væru mun alvarlegra vandamál en COVID-19.

Hvetur Diess framleiðendur til að gera alla fólksbíla rafdrifna sem fyrst og segir að stóra vörubíla ætti að keyra á lífefnaelds-

neyti. Volkswagen hefur lagt mikla áherslu á rafmagnsbíla að undanförunu eftir að hafa verið undir smásjá fjölmiðla eftir dísilhneykslið árið 2015.

Hefur framleiðandinn fjárfest fyrir 5.500 milljarða króna á síðastliðnum fimm árum til að geta boðið stærsta flota rafdrifinna ökutækja í heiminum.



Myndir af bílnum án felubúnaðar birtust nýlega á vef iðnaðarráðuneytisins í Kína en slíkt þarf fyrir alla bíla er fara í framleiðslu þar í landi.

VW sýnir myndir af ID.4-rafjepplingnum

Volkswagen er farið að hita upp fyrir frumsýningu ID.4 rafjepplingsins sem frumsýndur verður seinna í mánuðinum. Frumsýna átti bílinn á bílasýningunni í New York í apríl en kórónavírusinn kom í veg fyrir það eins og margt annað.

Ný ID.4 rafjepplingurinn er kominn í framleiðslu hjá Volkswagen í verksmiðju framleiðandans í Zwickau. Bíllinn verður frumsýndur í september og VW lét frá sér tölvugerðar teikningar í vikunni af ytra útliti hans.

VW ID.4 er annar bíllinn sem Volkswagen byggir á MEB-rafbílabotnplötunni. Hann var hannaður sérstaklega með lága loftmótstöðu í huga eins og sést vel á myndunum. Yfirhönnuður VW, Klaus Zykiara lýsir honum sem bíl sem mótaður er af vindinum, enda er stuðull fyrir loftmótstöðu ID.4



Loftmótstaða ID.4 er mjög lág eða 0,28 Cd og þyngdin verður neðarlega.

aðeins 0,28. ID.4 byggir á ID Crozz hugmyndabílnum og til stöð að frumsýna hann á bílasýningunni í New York fyrr á árinu en henni var aflýst vegna kórónavírussins. Þótt bíllinn sé með jepplingslagi verður hann aðeins boðinn með

afturhjóladrifi til að byrja með. Sá bíll verður með 201 hestafli rafmótor með 310 newtonmetra tugi. Þegar fjórhjóladrifna útgáfan kemur á markað bætist 101 hestafli við og 137 newtonmetrar af tugi, svo að heildarútkoman verður

» Þótt bíllinn sé með jepplingslagi verður hann aðeins boðinn með afturhjóladrifi til að byrja með. Sá bíll verður með 201 hestafli rafmótor.

302 hestöfl og 450 newtonmetrar. Hægt verður að fá hann með mismunandi stærðum rafhlaða en sú stærsta verður 83 kWst með 500 km drægi. Von er á ID.5 í framhaldinu sem er Coupé-útgáfa af ID.4.

Herrafatahópkeyrslan verður einmana í ár

Sunnudaginn 27. september mun hin árlega Herrafatahópkeyrsla fara fram, en með talsvert öðru sniði en áður. Til þess að hægt verði að halda hana og safna áfram áheimum hefur verið ákveðið að hún verði með svokölluðu sóló-sniði. Hvatt er til þess að fólk klæði sig upp í sitt finasta púss og aki gljáfægðum fákum sínum þennan dag um götur borgarinnar, eitt sins líds.

„Vegna ástandsins í heiminum í dag er hvatt til þess að fólk hjóli einsamalt og með lokaðan hjálm í ár,“ segir Sigmundur Traustason, einn skipuleggjenda The Distinguished Gentleman's Ride á Íslandi. „Þó ástandið sé eins og það er mega þessi málefni sem



Í ár þurfa menn að láta sig hafa það að hjóla einir fyrir góðan málstað.

» Vegna ástandsins í heiminum í dag er hvatt til þess að fólk hjóli einsamalt með lokaðan hjálm í ár.

DGR stendur fyrir ekki gleymast, sem eru krabbamein í blöðruhálskirtli í körlum og geðheilsa,“ sagði Sigmundur enn fremur og minnti á að ástandið væri líklega verra í ár þegar kemur að sjálfsvígum. „Þá er besta lækningin að fara út á mótorhjólínu sínu og aðstoða aðra með því að taka þátt og gefa til málefnsins,“ sagði Sigmundur að lokum.



RAFMAGNIÐ ER
KOMIÐ Í FORD!



NÚ SKIPTIR ÞÚ YFIR Í RAFMAGNIÐ PLUG-IN HYBRID JEPPARNIR FRÁ FORD

FRUMSÝNING

FORD EXPLORER PLUG-IN HYBRID
5.-12. SEPTEMBER



8 ÁRA ÁBYRÐ Á
DRIFRAFHLÖÐU



GLÆNÝR FORD EXPLORER PHEV

- 42 km drægni á rafmagni
- 457 hestöfl
- 7 sæta lúxus með leðuráklæði
- Dráttargeta 2.500 kg
- 5 stjörnu öryggisvottun EuroNCAP
- FordPass App samskiptakerfi við bílinn
- Farangursrými 635 lítrar

Glænýi Ford Explorer PHEV tengiltvinn rafbíllinn er lúxusjeppi með rými fyrir sjö manns í þremur sætaröðum og risastóru 635 lítra farangursrými sem er stækkanlegt í 2.274 lítra. Innréttingin er einstaklega nytsamleg með viðbótar 123 lítra geymsluplássi um allt. Þú kemst hvert á land sem er í nýja Ford Explorer PHEV með kraftmikilli 3,0 lítra EcoBoost V6 bensínvél auk rafmótors, 10 gíra sjálfskiptingu og 13,1 kWh rafhlöðu sem skila alls 457 hestöflum og 840 Nm tog. Explorer hentar því einstaklega vel í sumar- eða vetrarævintýrin og ófærur eru engin hindrun með 20 sentimetra veghæð. Daglegt snatt er leikur einn með 42 km drægni á rafmagni og hleðslan er eldsnögg.

Frábært verð frá 11.990.000 kr.

GLÆNÝR FORD KUGA PHEV

- 56 km drægni á rafmagni
- 225 hestöfl
- 5 sæta
- Dráttargeta 1.200 kg
- 5 stjörnu öryggisvottun EuroNCAP
- FordPass App samskiptakerfi við bílinn
- Farangursrými 405 lítrar

Ford Kuga PHEV tengiltvinn rafbíllinn er einnig glænýr frá grunni og er einstaklega rúmgóður bíll með jeppalagi, góðri veghæð og hárrí sætistöðu sem gerir allt aðgengi framúrskarandi. Farangursrýmið er mjög stórt eða 405 lítra og stækkanlegt í 1.534 lítra.

Ford Kuga sameinar kosti sparneytins bensínbíls og rafbíls með tengiltvinn aflrásinni þar sem samanlögð hestöfl eru 225, stíglausri sjálfskiptingu og 14,4 kWh drifrafhlöðu þar sem löng ferðalög um landið verða ekkert mál og bæjarsnattið á rafmagni er leikur einn og örskot tekur að hlaða.

Frábært verð frá 5.390.000 kr.

**KOMDU OG REYNSLUAKTU
RAFMOGNUM JEPPUM FRÁ FORD**



Öruggur staður til að vera á

Ford.is

Í Vefsýningarsal er að finna alla lausa bíla á lager og í pöntun. Þegar þú finnur draumabílinn, sendir þú fyrirspurn og söluráðgjafi svarar um hæl.

SÝNINGARSALIR

Reykjavík, Bildshöfði 6
Akureyri, Tryggvabraut 5

OPIÐ

Opið mán-fim kl. 9-17 föstudaga 9-16.15
og laugardaga kl. 12-16

KOSTIR OG GALLAR

VW Golf Mk8

Grunnverð: 5.490.000 kr.
Rúmtak: 1.498 rsm
Hestöfl: 148
Hröðun 0-100 km: 8,5 sek.
Hámarks hraði: 206 km/klst.
Eyðsla bl. ak: 4,6 l/100 km

L/B/H: 4.284/1.789/1.456 mm
Hjólhaf: 2.636 mm
Eigin þyngd: 1.255 kg
Farangursrými: 380 l
CO2 gildi: 130 g/km

KOSTIR

- Búnaður
- Fjöldrun
- Framsæti

GALLAR

- Fótapláss
- Verð



Vindmótstuðull nýs Golfs er aðeins 0,275 enda framendinn algjörlega endurhannaður. MYNDIR/TRYGVI ÞORMÓÐSSON

Áttunda kynslóð Golf er með tökin á tækninni

Reynsluakstur

Njáll
Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is



Áttunda kynslóð VW Golf er bylting sem beðið hefur verið eftir. Þótt hann byggir á sömu botnplötu og síðasta kynslóð er annað af nýjustu tækni.

Þá er hann loksins kominn eftir talsvert langa bið er markaðist af töfum vegna kórónavírussins. VW Golf er nú kominn á sína áttundu kynslóð en hann hefur verið við lýði síðan 1974, hvorki meira né minna. Síðasta kynslóð kom árið 2012 svo að biðin var orðin nokkur en til að stytta okkur stundir kom VW með rafdrifna útgáfu í millitíðinni. Sú er ekki raunin núna því að VW er um þessar mundir að kynna hinn nýja ID.3 sem tekur við af e-Golf. Þótt bílarnir séu ólíkir eru þeir samt merkilega líkir að nokkru leyti, eins og til dæmis stafrænt mælaborðið sem þróað var fyrir báða bílana í einu.

Upplifun innandyrna

Mælaborðið í nýjum Golf er heilmikil upplifun svo ekki sé meira sagt. Allt er miðað við tvo stóra upplýsingaskjáa sem hægt er að stjórna með stýri eða raddskipunum. Miðjuskjárnir eru 10 tommu snertiskjárnir en einnig eru komin tvö sett af snertitökkum báðum megin við stýrið. Stjórnar það vinstra ljósum bílsins á meðan það hægra er tengt snertiskjárnnum til að kveikja á miðstöðvarkerfi til að mynda. Það eina sem hefur ekki breyst í innréttingunni eru takarnir í hurðinni en þar er allt eins og áður. Það er dældið skrytið að sjá ekki mæli fyrir hita vélarinnar eða stöðu bensintanks en þess í stað er tala sem sýnir hversu marga kílómetra maður á eftir á eldsneytinu. Það getur tekið smá-



Það er lítið pláss eftir í vélarrýminu á bílnum með 1,5 litra eTSI vélinni.



Stafrænt mælaborðið er algerlega endurhannað og stórir skjáir allsráðandi.

tíma að venjast uppsetningunni og hvernig snertitakkarnir virka og ekki víst hvort það henti öllum. Persónulega fannst mér flest gott í þessu kerfi en betri helmingurinn var ekki sammála mér. Það er líka gott að iPhone-notendur fá nú Apple Carplay þráðlaust gegnum blátannarbúnaðinn. Hægt er að stýra búnaðinum með röddinni líka, en aðeins á ensku og það tekur líka smástund fyrir kerfið að átta sig á því hvað verið er að segja. Það getur þó verið nóg að segja að manni sé kalt á rassinum til að kerfið kveiki á sætishitaranum.

Rými nokkuð gott

Fyrir bíl í þessum stærðarflokki er gott hvað hann fer vel með öku-mann. Sætin eru djúp og þægileg og armpúði milli framsæta. Það sem truflaði þó upplifunina fram í er fyrirferð á rafhlöðu undir farþegasæti sem takmarkar fótapláss þegar sæti er aftarlega. Pláss í aftursætum er nokkuð gott, eins og í kynslóðinni á undan en aðeins þarf að smeygja fótum til að koma sér vel fyrir. Höfuðrými er vel viðunandi og það ætti að fara vel um tvo fullorða með barn á milli sín í aftursætaröðinni. Pláss í far-



Fótarými í farþegasæti er takmarkað ef sæti er í öftustu stöðu.

angursrými er viðunandi og það er kostur að það er hægt að hækka gólfið. Einnig er gólfið nokkuð flatt þegar búið er að leggja niður aftursæti. Við prófuðum bíllinn með 1,5 litra bensínvélinni í mildri tvinnútgáfu. Þannig er hann 148 hestöfl og er 8,5 sekúndur í hundradíð. Það er alveg óhætt að segja að rafmótorinn gerir sig til að gera upptakið betra í upphafi, og hjálpar einnig til á meðan bíllinn er að skipta sér. Fyrir vikið verður upptakið frísklegt en um leið átakalaust.


Þægileg fjöldrun

Bíllinn er byggður á sama MQB undirvagni og sjöunda kynslóð Golf, en með nokkrum breytingum þó. Það ætti því ekki að koma á óvart að það sé margt líkt með þeim, eins og til dæmis stærðartölur. Breytingarnar lúta að útliti, vélbúnaði, innréttingu og fjöldrun. Það er samt ekkert í yfirbyggingu bílanna sem er eins. Í ódýrari gerðum Golf er bíllinn með stangarfjöldrun að aftan. Að því sögðu er hann samt einn þægilegasti bíll í fjöldrun sem maður fær

í þessum flokki. Óhætt er að segja að hann liggur best af öllum Golf sem undirritaður hefur prófað, og þeir eru allnokkrir. Hann virkar mjög vel í stýri og er nánast laus við undirstýringu. Hann á það þó til að losa aðeins afturhjólina með því að missa grip á innra afturhjólum þegar lagt er mikið á hann. Það gera reyndar allir Golf-bílar og ekkert sem kom á óvart við það.

Teygir sig í samkeppni

VW Golf hefur hingað til verið borinn saman við bíla eins og Toyota Corolla, Mazda 3 eða Ford Focus, en einnig hefur borið við að hann sé settur til jafns við dýrari samkeppni eins og BMW 1-línuna og Benz A-línu. Grunnverð hans er 5.490.000 kr. sem er vissulega vel í lagt samanborið við samkeppnina. Líklega er mesta samkeppnin frá Toyota í formi Corolla en hún kostar frá 4.890.000 kr. BMW 1-lína er ekki í boði á Íslandi en grunnverð A-línu Benz er 5.490.000 kr. eins og Golf. Greinilegt er því við hvaða bíl hann ætlar að miða sig, hvort sem hann nær þeim samanburði eða ekki.



Ísland vill sjá þig í sumar

Nú stendur íslenska ferðasumarið í hámarki - komdu og skoðuðu gott úrval af notuðum bílum hjá Bílabúð Benna og kynstu Íslandi betur í sumar.



SsangYong Rexton dlx '17, sjálfskiptur, ekinn 52 þús. km. Verð: 4.490.000 kr.



Opel Karl Enjoy '18, beinskíptur, ekinn 6 þús. km. Verð: 1.590.000 kr.



Mercedes Benz Vito 113 '13, sjálfskiptur, ekinn 128 þ. km. Verð: 2.390.000 kr.



Toyota Corolla TS Hybrid '19, beinskíptur, ekinn 29 þús. km. Verð: ? kr.



Opel Astra Cosmo '15, beinskíptur, ekinn 138 þús.km. Verð: 790.000 kr.



Toyota C-hr c-ult hybrid '18, sjálfskiptur, ekinn 32 þús. km. Verð: 3.590.000 kr.



Chevrolet Cruze ltz '16, sjálfskiptur, ekinn 99 þús. km. Verð: 1.390.000 kr.



Dacia Duster '13, beinskíptur, ekinn 171 þús. km. Verð: 740.000 kr.



Ford Focus '15, beinskíptur, ekinn 43 þús. km. Verð: 1.490.000 kr.



Hyundai i30 comfort '19, sjálfskiptur, ekinn 52 þús. km. Verð: 2.890.000 kr.



Opel Astra Innovation '18, sjálfskiptur, ekinn 74 þús. km. Verð: 2.590.000 kr.



Kia Picanto lx '16, beinskíptur, ekinn 98 þús.km. Verð: 630.000 kr.



Chevrolet Spark '13, beinskíptur, ekinn 102 þ. km. Verð: 530.000 kr.



Hyundai Santa fe '07, sjálfskiptur, ekinn 133 þús. km. Verð: 1.190.000 kr.



Opel Crossland X Innovation '19, sjálfskiptur, ekinn 62 þús. km. Verð: 3.090.000 kr.



Renault Megane Bose Stw. '18, beinskíptur, ekinn 50 þús. km. Verð: 2.990.000 kr.



Opel Mokka X '18, sjálfskiptur, ekinn 62 þús. km. Verð: 3.690.000 kr.



Toyota Landcruiser 150 gx'18, sjálfskiptur, ekinn 83 þ. km. Verð: 6.890.000 kr.



Opel Corsa-Enjoy '16, sjálfskiptur, ekinn 131 þús. km. Verð: 890.000 kr.



SsangYong Korando dlx '16, sjálfskiptur, ekinn 163 þús. km. Verð: 1.590.000 kr.



Suzuki Vitara gl+ '19, sjálfskiptur, ekinn 62 þús. km. Verð: 2.990.000 kr.



Chevrolet Captiva '14, sjálfskiptur, ekinn 138 þús. km. Verð: 1.990.000 kr.



Mazda 3 Vision '15, sjálfskiptur, ekinn 59 þ. km. Verð: 1.190.000 kr.



Citroen C4 '13, sjálfskiptur, ekinn 96 þús. km. Verð: 990.000 kr.



Toyota Corolla Active '18, sjálfskiptur, ekinn 62 þús. km. Verð: 2.590.000 kr.



Opel Insignia Cosmo '16, sjálfskiptur, ekinn 38 þ. km. Verð: 2.990.000 kr.



Dacia Duster '14, beinskíptur, ekinn 170 þús.km. Verð: 790.000 kr.



Suzuki Ignis GL '19, beinskíptur, ekinn 25 þús. km. Verð: 2.450.000 kr.



SsangYong Tivoli Dlx '16, sjálfskiptur, ekinn 58 þús. km. Verð: 1.990.000 kr.



SsangYong Rexton dlx '19, sjálfskiptur, ekinn 56 þús. km. Verð: 5.090.000 kr.

Meira úrval á
notadir.benni.is



Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Opnunartímar:
Virka daga 12-17

Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2035

Opnunartímar:
Virka daga 9-18
Laugardaga 12-16

Bílabúð
Benna
Notaðir bílar

* Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl.

KOSTIR OG GALLAR

Peugeot e-2008

Grunnverð: 4.650.000 kr.
Rafhlaða: 50 kWst
Hestöfl: 134
Tog: 300 newtonmetrar
Hröðun 0-100 km: 8,7 sek.
Hámarkshraði: 150 km/klst.

Drægi: 320 km
Farangursrými: 434 l

KOSTIR

- Hönnun
- Búnaður
- Fjöðrun

GALLAR

- Breiðir B- og C-bitar
- Undirstýrður
- Höfuðrymi með sólþaki



Óhætt er að segja að e-2008 sé í senn sportlegur og stílhreinn bíll sem eftir er tekið.

MYNDIR/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

Sportlegi valkosturinn á rafbílamarkaði

Reynsluakstur

Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is



Samkeppni rafbíla er að byrja fyrir alvöru og samkeppnin héraendis verður eftir sem áður í flokki jepplinga eða bíla með þess háttar byggingarlagi. Nýjasta viðbótin í þeim flokki er Peugeot e-2008 sem er sportlegur bíll með góðri veghæð og framúrstefnuleg hönnun hans er eins og kremið á kökuna.

Breiðir B- og C-bitar

Það er fátt sem aðgreinir hann frá öðrum gerðum 2008 útlitslega, nema kannski nokkur e-merki á vel völdum stöðum. Sama á við innandyra, en þar ræður sama



Plássið í aftursætum er þokkalegt enda fellur lag framsæta vel að fótum en takið eftir hvað C-bitinn skagar mikið fram í opnunina.

hönnun ríkjum og við erum orðin vön í Peugeot 3008 og 208. Að visu má sjá tilbrigði eins og flottan frágangur fyrir þráðlausa símahleðslu, en það er í hólfi með smekklegu loki. Kemur sér vel ef maður gleymir símanum í bílnum að hann sé ekki fyrir allra augum. Billinn er þægilegur og rúm-góður og tölurnar þær sömu og í öðrum gerðum hans, til að mynda er farangursrýmið það sama og í bensínbílnum eða 434 lítrar. Breiðir B- og C-bitar eru þó aðeins til vansa og þá ekki bara vegna skerts útsýnis. Þegar undirritaður sem er 183 sentimetrar á hæð var búinn að stilla ökumannssæti fyrir sig, var það aðeins fyrir aftan B-bitann svo að smeygja þurfti sér fram hjá því þegar stigið var út úr bílnum. Sama má segja um C-bitann sem er svo breiður að hann nær vel



Þrívíddarmælaborðið sýnir helstu upplýsingar og er laust við óþarfa.

» Upptakið er jafnt og gott og laust við mikil átök. Einnig er hann ekki eins þungur í akstri og margir rafbílar.



Farangursrýmið er aðgengilegt og tekur það 434 lítra sem er allgott.



Undir stórra plasthlíf er rafmótorinn fyrir framdrifið vel falinn.

fram fyrir aftursæti, og þá einnig niður við hjólaskálina.

Léttur í akstri

Peugeot e-2008 er byggður á e-CMP undirvagninum sem er sá sami og er undir litla bróðir hans Peugeot e-208 og reyndar systurbíll hans Ople Corsa-e. Það þýðir að hann er með 50 kWst rafhlöðu og sama 134 hestafla rafmótor, en hann hefur aðeins minna drægi en e-208 vegna stærðar sinnar. Hann er þægilegrí að keyra en margur rafbíllinn. Fyrir það fyrsta er upptakið jafnt og gott og laust við mikil átök. Í öðru lagi virkar hann ekki eins þungur í akstri og margir rafbílar, sérstaklega á fjöðrun. Hann er sem sagt frekar laus við þá dynki sem einkenna rafbíla ef ekið er yfir holu eða krappa hraðahindrun.

Stýrið er mjög létt en samt frekar nákvæmt svo að það kemur ekki að sök. Þegar reynt er á bílinn í beygjum liggur hann allveg ágætlega þangað til að undirstýring gerir vart við sig, reyndar án nokkurrar viðvörunar frá skrikvörninni.

Mitt á milli í verði

Eins og samkeppnin er í dag á Peugeot e-2008 sér fáa keppinauta. Eins og fram kom í reynsluakstri á MG ZS EV rafbílnum er hann helsti keppinauturinn þegar kemur að stærð og verði. Að vísu er MG bíllinn töluvert ódýrari en verðið verður samt að teljast nokkuð gott, sérstaklega þegar haft er í huga hvað fæst fyrir peninginn. Þriðji keppinauturinn er svo Hyundai Kona með minni rafhlöðunni sem er 600.000 krónum dýrari.



MICKEY THOMPSON

M/T

TIRES & WHEELS

Deegan 38 All Terrain

Deegan 38 All Terrain – nett mynstrað heilsársdekk frá Mickey Thompson

5 stærðir á lager:

- 265/70R16 verð 40.800 kr.
- 265/70R17 verð 37.500 kr.
- 265/65R18 verð 44.800 kr.
- 285/70R17 verð 49.900 kr.
- 265/50R20 verð 39.900 kr.


icetrack ehf 773-4334 mtdekk@mtdekk.is www.mtdekk.is



Fasteignablaðið

35. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 1. SEPTEMBER 2020

FASTEIGNIR. FRETABLADID.IS



LANDMARK FASTEIGNAMIDLUN



Andri Sigurðsson Lögg. fast. og eigandi | Sigurbur Samuelsen Lögg. fast. og eigandi | Sveinn Eyland Lögg. fast. og eigandi | Þórey Ólafsdóttir Lögg. fast. og eigandi | Júlíus Jóhannsson Lögg. fast. og eigandi | Monika Hjálmtýsdóttir Lögg. fast. og eigandi | Þórarinn Thorarson Lögg. fast. og eigandi | Ingibjörg A. Jónsdóttir Löggiltur fast. | Eggert Maríuson Löggiltur fast. | Jón Óskar Löggiltur fast. | Guðrún D. Lúðvíksdóttir Löggiltur fast. | Helga Snorraddóttir Skrifstofa/skjalavinnsla | Ása Póll Ragnarsdóttir Skjalavinnsla/móttaka

Hlíðasmára 2
201 Kópavogi
Sími: 512 4900
www.landmark.is
landmark@landmark.is



ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM?
Við erum til þjónustu reiðubúin
-örugg fasteignaviðskipti



Elin Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali



Björn Þorri Viktorsson hrl.
Löggiltur fasteigna- og skipasali



Sólveig Friða Guðrúnardóttir
Nemi til löggildingar í fasteignasölu og lögfræðingur.

MIDBORG FASTEIGNASALA - SUNDAGARÐAR 2 - 104 REYKJAVÍK - SÍMI: 533 4800
www.midborg.is

Þarftu
að ráða?

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

Paradís við vögin

Miklaborg og Jórunn, löggiltur fasteignasali, kynna í einkasölu stórglæsilegt einbýlishús að Hverafold 31. Húsið stendur neðst við vögin í Grafarvogi þar sem yndislegur, afgirtur garður ramar inn unaðsreitinn. Húsið er hannað af Ingimar H. Ingimarssyni og byggt 1985. Það er á tveimur hæðum og með einstaklega fallegum gluggum sem setja mikinn svip á húsið. Staðsetningin er einstök innan hverfisins og næst sjónum.

Komið er að húsinu norðan megin og beint inn á aðra hæðina. Falleg aðkoma fangar athyglina strax. Úr rúmgóðri forstofu er innangengt í tvöfaldan bílskúr. Hol leiðir inn í allar vistarverur hæðarinnar. Fallegar stofur með mikilli lofthæð, arni og miklu útsýni. Úr stofu er útgengt á útsýnissvalir þar sem vogurinn nýtur sín. Eldhúsið var endurnýjað á vandaðan máta 2010. Það er L-laga í opnu rými með stórru eyju, þykkri steinborðplötu og útgengi í garðinn. Borðstofan liggur á milli eldhúss og rúmgóðs sjónvarpshols með góðri yfirsýn yfir alla hæðina. Snyrting með glugga er á efri hæð, flisalögð að hluta.

Fallegur, steypur stigi er á milli hæða og í miðjum stiga er útgengt í garðinn. Á neðri hæð eru fjögur svefnherbergi með skápum, þar af hjónaherbergi með útgengi á pall, góðum fataskápum og sér baðherbergi með góðri snyrtiaðstöðu.



Hverafold 31 stendur á einstökum útsýnisstað við sæinn í Grafarvogi.

Baðherbergi voru endurnýjuð á glæsilegan máta árið 2013. Í holi niðri er setustofa og útgengt í garðinn með stórum palli og heitum potti. Þvottahús er innréttað með góðri vinnuáðstöðu.

Tvöfaldur bílskúrin er rúmgóður og upphitaður með rafmagni og heitu og köldu vatni. Plan fyrir framan er með snjóbræðslu ásamt

stétt með inngangi. Garðurinn er paradís út af fyrir sig með fallegum trjágróðri og blönduðum skrautgróðri. Stutt er í alla þjónustu, skóla og verslun.

Nánari upplýsingar veitir Jórunn, löggiltur fasteignasali, í síma 845-8958 eða á jorunn@miklaborg.is

VEGNA MIKILLAR SÖLU UNDAFARNA MÁNUÐI VANTAR OKKUR
ALLAR STÆRÐIR OG GERÐIR EIGNA Á SKRÁ.

KJÖREIGN FASTEIGNASALA - TRAUST OG ÖRUGG FASTEIGNASALA Í 40 ÁR



Ásta María Benónýsdóttir
Löggiltur fasteignasali
asta@kjoreign.is
897-8061



Sigurbjörn Skarphéðinsson
Löggiltur fasteignasali,
skjalagerð.
sigurbjorn@kjoreign.is
533-4040



Dan Valgarð S. Wiium
Hdl, löggiltur fasteignasali.
dan@kjoreign.is
896-4013



Rakel Salóme Eydal
Löggiltur fasteignasali og
löggiltur leigumiðlari
rakel@kjoreign.is
533-4040



Þórarinn Friðriksson
Löggiltur fasteignasali.
thorarinn@kjoreign.is
844-6353



Jón Bergsson
lögmaður og löggiltur
fasteignasali
jon@kjoreign.is
777-1215



Ármúla 21, 108 Reykjavík - Reykjavík – Sími 533 4040
kjoreign@kjoreign.is - www.kjoreign.is/

BÚSETURÉTTIR TIL SÖLU

Garðabær, Kópavogur og Reykjavík: Miðbær og Vesturbær



BÚSETI

EINHOLT 6 · 105 RVK.



45 ferm.

1 herb.

404 íbúð nr.

STÚDÍÓ

Búseturéttur: 6.340.763 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 153.168 kr.
Mögulegt lán: 3.170.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Sem fyrst.

ÞVERHOLT 19 · 105 RVK.



83,3 ferm.

2ja herb.

301 íbúð nr.

SVALIR Í VESTUR

Búseturéttur: 8.082.825 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 208.567 kr.
Mögulegt lán: 4.041.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Samkomulag.

EINHOLT 12 · 105 RVK.



73,2 ferm.

2ja herb.

405 íbúð nr.

EFSTA HÆÐ

Búseturéttur: 8.080.905 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 184.357 kr.
Mögulegt lán: 4.040.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Sem fyrst.

ARNARSMÁRI 6 · 201 KÓP.



79,4 ferm.

3ja herb.

101 íbúð nr.

NÝLEGA UPPGERÐ

Búseturéttur: 5.225.350 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 164.681 kr.
Mögulegt lán: 1.000.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Sem fyrst.

KEILUGRANDI 11 · 107 RVK.



77,4 ferm.

3ja herb.

203 íbúð nr.

NÝBYGGING

Búseturéttur: 8.920.000 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 204.754 kr.
Mögulegt lán: 4.460.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Sem fyrst.

EINHOLT 12 · 105 RVK.



87,9 ferm.

3ja herb.

101 íbúð nr.

ÞVOTTAHÚS INNAN ÍBÚÐAR

Búseturéttur: 8.743.259 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 221.528 kr.
Mögulegt lán: 4.371.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Samkomulag.

TRÖNUHJALLI 13 · 200 KÓP.



96,5 ferm.

4ra herb.

301 íbúð nr.

ENDURNÝJUB 2019

Búseturéttur: 5.497.430 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 206.826 kr.
Mögulegt lán: 1.400.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Sem fyrst.

ÞVERHOLT 17 · 105 RVK.



107,1 ferm.

4ra herb.

401 íbúð nr.

SUBURSVALIR

Búseturéttur: 11.686.786 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 271.676 kr.
Mögulegt lán: 5.843.393 kr.
Afhending að ósk seljanda: Lok feb. 2021.

SKÓLATÚN 6 · 225 GBR.



104,2 ferm.

4ra herb.

202 íbúð nr.

MIKID ENDURNÝJUB

Búseturéttur: 5.243.750 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 200.321 kr.
Mögulegt lán: 1.500.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Í lok nóv.

EINHOLT 12 · 105 RVK.



156,6 ferm.

5 herb.

102 íbúð nr.

SÉRINNGANGUR

Búseturéttur: 13.679.000 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 304.517 kr.
Mögulegt lán: 6.839.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Sem fyrst.

ÞVERHOLT 21 · 105 RVK.



94,6 ferm.

3ja herb.

203 íbúð nr.

SVALIR SNÚA INN Í GARD

Búseturéttur: 10.012.658 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 244.352 kr.
Mögulegt lán: 5.006.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Samkomulag.

ÞVERHOLT 15 · 105 RVK.



105,3 ferm.

3ja herb.

502 íbúð nr.

ÞAKSVALIR, MIKID ÚTSÝNI & 2 STÆÐI Í BÍLAG.

Búseturéttur: 13.943.552 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 324.463 kr.
Mögulegt lán: 6.971.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Sem fyrst.

ÞVERHOLT 21 · 105 RVK.



108,4 ferm.

3ja herb.

406 íbúð nr.

BJÖRT MED SUBURSVÖLUM

Búseturéttur: 11.343.316 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 268.057 kr.
Mögulegt lán: 5.671.658 kr.
Afhending að ósk seljanda: Sem fyrst.

ÞVERHOLT 19 · 105 RVK.



110,2 ferm.

3ja herb.

302 íbúð nr.

ÞVOTTAHÚS INNAN ÍBÚÐAR

Búseturéttur: 10.865.559 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 268.669 kr.
Mögulegt lán: 5.432.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Sem fyrst.

EINHOLT 6 · 105 RVK.



107,2 ferm.

4ra herb.

307 íbúð nr.

SUBURSVALIR

Búseturéttur: 11.585.673 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 271.225 kr.
Mögulegt lán: 5.792.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Samkomulag.

ÞVERHOLT 21 · 105 RVK.



69,5 ferm.

2ja herb.

401 íbúð nr.

SVALIR Í VESTUR

Búseturéttur: 7.940.321 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 196.934 kr.
Mögulegt lán: 3.970.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Miðjan nóv.

ÞVERHOLT 19 · 105 RVK.



111,1 ferm.

3ja herb.

501 íbúð nr.

ÞAKSVALIR & 2 STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU

Búseturéttur: 14.501.928 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 338.038 kr.
Mögulegt lán: 7.250.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: 1. október.

ÁRSKÓGAR 5 OG 7 · NÝR KYNNINGARVEFUR · ARSKOGAR.BUSETI.IS



72 nýjar íbúðir við Árskóga í Mjódd
Í Árskógum verður að finna stúdíó, 2ja og 3ja herbergja íbúðir. Íbúðirnar eru vel staðsettar skammt frá verslun og þjónustu.

Sala búseturétta hefst 22. september
Áhersla er lögð á vandaða og stílhreina hönnun með tilliti til umhverfis- og hagkvæmnisjónarmiða.

Úthlutun fer fram 5. október
Sýningarrými og kynningarfundur fyrir áhugasama meðan á sölu stendur. Hægt er að skrá sig á póstlista.

ÁVINNINGUR

- Örugg búseta
- Minni fjárbinding
- Réttur til vaxtabóta
- Lægri kaup- og sölukostnaður
- Búseti sér um ytra viðhald

INNIFALIÐ Í BÚSETUGJALDI

Fjármagnskostnaður, skyldutryggingar, hiti, fasteignagjöld, hússjóður, þjónustugjald og framlag í viðhaldssjóð.

NÝTT Í SÖLU

Umsóknarfrestur: Til 9. sept kl. 16.
Rafræn úthlutun: 10. sept kl. 12.
Áður auglýstar íbúðir:
Úthlutun er óháð félagsnúmeri.
Hægt er að úthluta strax.

UPPLÝSINGAR

WWW.BUSETI.IS
buseti@buseti.is
Sími: 556 1000

